FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
164. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 14. JÚLÍ 2017



Símamótið 2017 var sett í gær. Í ár taka rúmlega 2.000 stelpur frá 38 félögum þátt í mótinu. Alls spila 300 lið tæplega 1.200 fótboltaleiki. Íslenska kvennalandsliðið, sem heldur utan á EM í dag, mætti á Kópavogsvöll í gær og tók víkingaklappið með ungum aðdáendum sínum. Stelpurnar okkar fengu höfðinglegar móttökur í Kópavoginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ráðherra vill fresta sölu á fjölda íbúða

**Félagsmálaráðherra vill að Íbúðalánasjóður fresti sölu hundraða íbúða sem áformað er að selja fyrir áramót. Sveitarfélögin hafa ekki áhuga á að kaupa íbúðirnar og telja þær ekki henta fyrir félagslega kerfið. Íbúum mögulega hjálpað að kaupa með startlánum.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Ráðherra húsnæðismála hefur mælst til þess við stjórnendur Íbúðalánasjóðs að sjóðurinn hætti við sölu hundraða íbúða sem sjóðurinn á og eru í útleigu. Í mörgum tilfellum eru leigutakar íbúðanna fólk sem átti íbúðirnar en sjóðurinn yfirtók þær eftir bankahrunið vegna vanefnda á skuldbindingum.

Fréttablaðið hefur greint frá því að stjórnendur Íbúðalánasjóðs hafi áformað að selja eignirnar fyrir árslok. „Það sem við erum að skoða með sjóðnum er í fyrsta lagi að fresta fyrirhugaðri sölu eignanna á meðan við leitum leiða til að koma til móts við þann hóp sem býr í þeim í dag. Það þarf að fara vandlega yfir stöðu hvers og eins og sjá hvaða mögulegu lausnir eru í stöðunni,“ segir Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra. Hann segir að þetta séu um 300 íbúðir og margar þeirra séu á Suðurnesjum.

Íbúðalánasjóður hefur boðið sveitarfélögunum, þar sem íbúðirnar eru staðsettar, að kaupa þær. Áhugi sveitarfélaganna hefur aftur á móti verið takmarkaður. Telja sveitarfélögin íbúðirnar ekki henta sem félagslegt húsnæði.

Þorsteinn segir að næsta skref sé að kanna hvort íbúðirnar og íbúarnir myndu falla undir skilgreiningu um almennar leiguíbúðir. Það er þær íbúðir sem byggðar eru með stofnstyrkjum ríkis og sveitarfélaga. „Það er þá í raun og veru hugsað fyrir þann hóp sem fellur ekki undir hefðbundin félagsleg úrræði en er samt líklegur tekna sinna vegna til þess að vera í vandræðum með að greiða markaðsleigu eða kaupa eigin fasteign.“ Þorsteinn segir hugsanlegt að þessum sama hópi verði hjálpað með því að veita fólki heimild til þess að taka svokölluð startlán, að norskri fyrirmynd, sem getið er um í tillögum um aðgerðir í húsnæðismálum sem kynntar voru fyrr í sumar.

Þorsteinn segir að þeim tillögum hafi sérstaklega verið beint að tekjulægri hópum, ungu fólki sem á erfitt með að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaði. Fólk sem hafi misst húsnæði sitt og ekki náð að komast inn á markaðinn aftur sé í svipaðri stöðu og unga fólkið. „Við verðum að sjá hvað úrræði eins og startlán, ef til þess lánaúrræðis kæmi, gæti gert,“ segir hann. – jhh / sjá síðu 8

## Hjörleifur kaupir í Kviku banka

**VIÐSKIPTI** Hjörleifur Jakobsson, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, og eiginkona hans, Hjördís Ásberg, hafa eignast ríflega 3,3 prósenta hlut í Kviku banka. Seljandi bréfanna er eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem var fyrir viðskiptin næststærsti hluthafi fjárfestingarbankans með 8,3 prósent, en gengið var frá kaupunum fyrr í þessari viku. Eftir kaupin eru þau hjónin á meðal tíu stærstu hluthafa Kviku.



Hjörleifur var um tíma einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa. – hae / sjá síðu 10

## Telja fjársjóð í póstherberginu

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Breska fyrirtækið Advanced Marine Services segist hafa fundið kassa sem það telji innihalda verðmæta málma um borð í þýska flutningaskipinu Minden sem liggur á rúmlega tveggja kílómetra dýpi undan Íslandi.

„AMS hefur fundið kassa sem er í svokölluðu póstherbergi (e. mailroom) undir efsta þilfari skipsins í skut þess. Kassinn er 100x45x45 cm að stærð og því aðeins stærri heldur en ferðataska.

Hefur AMS þegar komist inn í herbergið,“ segir í umsókn breska félagsins þar sem falast er eftir leyfi til að opna gat á skipið og ná í kassann sem það telji innihalda verðmæta málma. – gar / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um ábyrgð á hinu ósýnilega. 13

**SPORT** Meira hvatning en pressa, segir Fanndís Friðriksdóttir sem er á leiðinni á sitt þriðja EM. 16

**MENNING** Fyrir mér eru þetta allt bara lög, segir María Huld. 24

**LÍFIÐ** Franskir rennilásar, dúnúlpur, flísvesti, mittistöskur og fleira er í tísku. Stór tískuhús á borð við Balenciaga, Vetements og Prada hafa verið að vinna með þessa tískubylgju. 30



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ÞJÓÐHÁTÍÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Suðaustan 5-15 í dag, hvassast SV-lands, en lægir þar um kvöldið. Rigning, en úrkomulítið NA-til. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á NA-verðu landinu. SJÁ SÍÐU 22

# Niðurstaðan ljós í lok ársins

**VIÐSKIPTI** Samþykki Samkeppniseftirlitsins er nú það eina sem stendur í vegi fyrir því að kaup smásölufélagsins Haga á olíufélaginu Olís og fasteignafélaginu DGV geti gengið í gegn. Má vænta niðurstöðu eftirlitsins undir lok ársins.

Hagar tilkynntu í gær að fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar vegna viðskiptanna hefði verið aflétt. Öðrum fyrirvara, um samþykki hluthafafundar fyrir aukningu hlutafjár, hafði áður verið aflétt. Enn er hins vegar í gildi fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Forsvarsmenn Haga skrifuðu undir kaupsamning um kaup á félögunum tveimur 26. apríl síðastliðinn. Vænt kaupverð er um 9,2 til 10,2 milljarðar króna. **– kij**



**Finnur Árnason, forstjóri Haga**

# Tafir á störfum vegna samruna

**VIÐSKIPTI** Vegna mikilla anna við rannsókn á samrunum fyrirtækja hafa orðið tafir á meðferð annarra mála hjá Samkeppniseftirlitinu og er fyrirsjáanlegt að svo verði áfram á næstunni, að því er fram kemur í frétt á vef stofnunarinnar. Svo kann að fara að meðferð einstakra mála verði af þessum sökum frestað enn frekar eða hún felld niður.

Í frétt stofnunarinnar segir að tilkynningar um samruna fyrirtækja hafi verið um tvöfalt fleiri á fyrri helmingi þessa árs en á sama tímabili árin 2015 og 2016. Á meðal samrunamála eru kaup Haga á Lyfju og Olís, Skeljungs á Basko, N1 á Festi og Vodafone á 365. **– kij**

# Feðgar á ferð



**Kanadísku feðgarnir Bob og Steven Dengler stoppuðu í Reykjavík í gær. Þeir eru að fljúga Bell 429 þyrlu, sem smíðuð er í Kanada, umhverfis hnöttinn. Með fluginu halda þeir upp á 150 ára afmæli Kanada og styrkja tvenn góðgerðarsamtök. Þetta er í fyrsta sinn sem feðgar fljúga í kringum hnöttinn. „Við erum búnir að verja miklum tíma saman að undanförnu, sem er dásamlegt,“ segir Steven sem er sá yngri.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lífláta grunaða án dóms og laga

**RÚANDA** Yfirvöld í Rúanda hafa tekið að minnsta kosti 37 manns af lífi, grunaða um smáglæpi, án dóms og laga. Þessu halda samtökin Mannréttindavaktin fram. Yfirvöld í höfuðborginni Kigali neita því hins vegar að standa að slíku.

Að sögn Mannréttindavaktarinnar voru flestir hinna látnu grunaðir um smáþjófnað, til að mynda var einn grunaður um að stela bananaknippi. Aðrir voru grunaðir um að nota ólögleg fiskinet eða vörslu kannabisefna. Segja samtökin að aftökurnar hafi átt sér stað frá júlí 2016 fram í mars 2017 í austurhluta landsins.

Halda samtökin því fram að aftökurnar séu þáttur í þeirri stefnu stjórnvalda að „ala á ótta, sýna vald sitt og brjóta á bak aftur hvers konar andstöðu við ríkisstjórnina eða stefnu hennar“. **– þea**

# Saka Vínbúðirnar um bruðl með almannafé

**Auglýsingaherferð ÁTVR, Röðin, kostaði 13 milljónir og hefur farið öfugt ofan í flesta enda er verið að minna starfsfólk stofnunarinnar á að spyrja um skilríki. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins saka Vínbúðirnar um að bruðla með almannafé.**

**SAMFÉLAG** Eðlilegra hefði verið að senda tölvupóst á starfsmenn eða hreinlega halda starfsmannafund til að minna starfsfólk ÁTVR á að biðja viðskiptavini um skilríki en að fara í tugmilljóna auglýsingaherferð. Þetta er samdóma álit þeirra þingmanna sem styðja áfengisfrumvarpið og Fréttablaðið náði tali af í gær.

Auglýsingaherferð ÁTVR, Röðin, kostaði 13 milljónir króna og sagði Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, í skriflegu svari til fréttastofu 365 að auglýsingarnar væru hvatning og áminning til starfsfólks stofnunarinnar um mikilvægi þess að biðja um skilríki.

„Þetta er enn eitt dæmið um hversu ankannalegt er að ríkisfyrirtæki hafi einokunarverslun í smásölu með áfengi,“ segir Teitur Björn Einarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Það er ekki heimilt samkvæmt íslenskum lögum að auglýsa lögmæta vöru þannig að það þarf að fara fjallabaksleiðir til þess. Jafnvel af einokunarfyrirtæki – þannig að jú, þetta er mjög sérstakt mál,“ bætir hann við.



**Kaldi býr til bjór en getur ekki auglýst framleiðsluna. Ólíkt ÁTVR sem auglýsir til að minna starfsfólk á að spyrja um skilríki.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Auglýsingin er í formi raunveruleikaþáttar þar sem þátttakendur koma fyrir sérhæfða dómnefnd, skipaða tannlækni, lögreglumanni, dyraverði, sálfræðingi og förðunarfræðingi, sem eiga að aldursgreina viðkomandi. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins, tók í sama streng og Teitur og skildi lítið í því að skattgreiðendur væru að borga fyrir ímyndarbaráttu ríkisfyrirtækis í einokunarstöðu. Áslaug var í viðtali við Í bítið í gær. „Það er dýrt að fara svona með skattpeninga. Það hefði verið auðveldara að senda tölvupóst eða halda starfsmannafund,“ bætti hún við.



**Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR**

Teitur segir að þetta dragi fram þá tímaskekkju sem stofnunin ÁTVR sé. „Það er erfitt að átta sig á rekstrinum á þessu fyrirtæki. Hvaða hluti ber þessa starfsemi uppi. Ef maður skoðar starfsmannafjöldann þá eru um 14 starfsmenn á hverja búð. Er það góður rekstur eða ekki? Það er ekki nokkur leið að segja til um það því maður veit ekki hvernig einkaaðilar myndu þjónusta neytendur sem best. Það er engin stjórn yfir þessu fyrirtæki heldur heyrir þetta beint undir fjármálaráðherra. Ég veit ekki til þess að ráðherra skipti sér af stjórnarháttum þessarar stofnunar. Það er hægt að draga fram alls konar sérkennilega hluti sem snúa að þessari stofnun og þessi auglýsing er bara enn eitt dæmið.“

> **Það er dýrt að fara svona með skattpeninga. Það hefði verið auðveldara að senda tölvupóst eða halda starfsmannafund.**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins

benediktboas@365.is






**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Corolla meðan tilboðið gildir**

## LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Corolla býðst nú á sérstöku sumartilboði, fáguð gæðasmíð með 50 ára sigurgöngu í baksýnisspeglinum, endurhönnuð til að veita afþreyingu í öruggum og liprum akstri. Corolla er gerð til að láta góðu stundirnar endast en þetta sérstaka sumartilboð gildir aðeins í takmarkaðan tíma.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ýmsar hugmyndir um nýtt hlutverk fyrir Osta- og smjörsöluhúsið

**SKIPULAGSMÁL** „Það eru alls konar hugmyndir uppi á borði,“ segir Hilmar Kristinsson, forsvarsmaður félags í eigu hans og Rannveigar Einarsdóttur, eiginkonu hans, sem keypt hefur Snorrabraut 54, gamla hús Osta- og Smjörsölunnar, af Söngskólanum í Reykjavík.

Hilmar og Rannveig eru hótelrekendur í Sandhotel á Laugavegi. Hann segir ýmsa möguleika blasa við varðandi framtíð Snorrabrautar 54. Samkvæmt deiliskipulagi megi rísa tveggja hæða bygging þar sem nú er hús á einni hæð á baklóðinni aftan við sjálft Osta- og smjörsöluhúsið.

„Þetta er býsna stór lóð en þetta verður ekki stór bygging,“ segir Hilmar um hugsanlega nýbygginguna. Dálítið hlé sé á starfinu, meðal annars vegna fría hjá skipulagsyfirvöldum í Reykjavík.

„Við tökum þetta ekki upp aftur við borgina fyrr en um eða eftir verslunarmannahelgi.“

**Þetta er mjög skemmtilegt svæði en það er að sama skapi svolítið viðkvæmt.**

Hilmar Kristinsson, nýr eigandi Snorrabrautar 54

Gert er ráð fyrir því að nýtt útisvæði við Sundhöll Reykjavíkur verði opnað í haust auk þess sem unnið er að endurbótum á gömlu byggingunni. Aðdráttaraflið í næsta nágrenni Snorrabrautar 54 er því að aukast.

„Já, þetta er mjög skemmtilegt svæði en það er að sama skapi svolítið viðkvæmt,“ segir Hilmar sem kveður málið því vera í mjög vandlegri skoðun, meðal annars með tilliti til skuggvarps. „Það voru hugmyndir en þær hafa verið að breytast í allar áttir.“

Varðandi notkunarmöguleika minnir Hilmar á að Söngskólinn í Reykjavík hafi áhuga á að vera áfram í húsinu eftir að núverandi samningi út næsta skólaár lýkur. „Þannig að við erum líka að leita í þá átt,“ segir hann. – gar

## Tuttugu ár fyrir morðið á Nemtsov

**RÚSSLAND** Zaur Dadajev var í gær dæmdur í tuttugu ára fangelsi fyrir að hafa myrt stjórnarandstæðinginn Boris Nemtsov á Bolshoy Moskvoretský-brúnni í Moskvu árið 2015. Fjórir vitorðsmenn Dadajevs fengu einnig fangelsisdóma, á annan tug ára hver. Allir eru mennirnir fimm frá sjálfsstjórnarríkinu Téténíu.

Nemtsov var einn háværasti gagnrýnandi Pútíns Rússlandsforseta. Fyrir andlátið vann hann að skýrslu um hernað Rússa í Úkraínu. – þea



**Kópavogsbær hyggst kanna kostnaðinn við námsgögn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Bærinn borgi námsgögnin

**KÓPAVOGUR** Bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkti á fundi sínum í gær að fela menntasviði bæjarins að kanna kostnað við að greiða allan kostnað við námsgögn barna í grunnskólum í bænum. Er auk þess lagt til að kostnaðurinn verði flokkaður niður eftir árgöngum.

Ólafur Þór Gunnarsson, fulltrúi VG, lagði tillöguna fram. Í greinargerð segir að nokkur stór sveitarfélög hafi að undanförnu gert grunnskóla gjaldfrjálsa með öllu. Það sé mikilvægt að bæjarstjórnin hafi gleggar upplýsingar um kostnað ef af slíku yrði. „Kostnaður við nám getur verið hindrun við fulla þátttöku barna í skólastarfi og mikilvægt er að bærinn leiti allra leiða til að koma í veg fyrir slíkt,“ segir í greinargerðinni. – kij

# Ógreinilegri skil milli vinnu og einkalífs vegna snjalltækja

**Snjalltæki geta valdið því að fólk sé í vinnunni allan sólarhringinn. Í nýlegri könnun meðal félagsmanna BHM kemur fram að helmingur svarenda, sem hafa til umráða snjalltæki frá vinnuveitanda, fær mjög oft einhvers konar skilaboð vegna vinnunnar. Formaður BHM segir könnunina valda nokkrum áhyggjum.**

**VINNUMARKAÐUR** „Skil milli vinnu og einkalífs hafa orðið ógreinilegri en þau voru áður með tilkomu snjalltækja. Í stað þess að veita nauðsynlegan sveigjanleika geta snjalltækin valdið því að fólk sé í vinnunni allan sólarhringinn,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna.

Í tilkynningu frá BHM kemur fram bandalagið lét gera könnun meðal félagsmanna sinna um snjalltæki. Meira en helmingur svarenda sem hafa snjalltæki frá vinnuveitanda undir höndum kvaðst oft eða mjög oft fá einhvers konar skilaboð vegna vinnunnar í tækið utan hefðbundins vinnutíma.

Um fjórðungur þeirra sagðist stundum fá slík skilaboð utan hefðbundins vinnutíma en ríflega fimmtungur sjaldan eða aldrei. Rétt er að taka fram að mjög breytilegt er eftir aðildarfélögum hversu hátt hlutfall félagsmanna hefur snjalltæki til umráða frá vinnuveitanda.

Um þriðjungur hefur snjalltæki til umráða frá vinnuveitanda sínum. Fimmtungur telur að tækið hafi mikil áhrif á hvíldartíma sinn eða samskipti við fjölskyldu og vini. Þegar spurt var hversu oft fólk svaraði tölvupósti, símhringingu, skilaboðum eða öðru sem tengdist vinnu þess utan hefðbundins vinnutíma með snjalltæki sögðust um 40 prósent svarenda gera það oftar en fjórum sinnum í viku og þar af hátt í 20 prósent daglega.

Um fimmtungur þeirra svarenda sem hafa snjalltæki frá vinnuveitanda sagði að tækið hefði fremur mikil eða mjög mikil áhrif á hvíldartíma sinn eða samskipti við fjölskyldu og vini, um fjórðungur að það hefði í meðallagi mikil áhrif á þessa þætti en rúmlega helmingur sagði það hafa fremur lítil eða mjög lítil áhrif.



**Um 28% svarenda sögðust hafa snjallsíma til umráða frá vinnuveitanda sínum.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Sú mynd sem birtist okkur í þessari könnun veldur nokkrum áhyggjum. Hún staðfestir það sem við töldum okkur vita,“ segir Þórunn.

**Í stað þess að veita nauðsynlegan sveigjanleika geta snjalltækin valdið því að fólk sé í vinnunni allan sólarhringinn.**



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Könnunin var gerð af fyrirtækinu Maskínu ehf. dagana 5. maí til 28. júní sl. og náði til handhófsúrtaks úr félagaskrám aðildarfélaga BHM sem eru 27 að tölu.

Svarendur voru 2.232 en samtals eru um 13.000 manns innan raða félaganna. Um 28 prósent svarenda sögðust hafa snjallsíma til umráða frá vinnuveitanda sínum, 7 prósent spjaldtölvu og hálft prósent snjallúr. benediktboas@365.is






Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is



**Laxeldi í Arnarfirði.**
MYND/ERLENDUR GÍSLASON

# Umsóknir verði afgreiddar hratt

**ATVINNULÍF** „Það er krafa sveitarfélaganna að afgreiðsla á umsóknum um laxeldisleyfi verði unnin á þeim hraða sem lög og góð stjórnsýsla mæla fyrir um,“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu frá sveitarfélögum á Vestfjörðum. Ekki megi draga afgreiðsluna svo mánuðum eða árum skipti undir yfirskini manneklu eða fjárskorts.

Í yfirlýsingunni segir að það sé álit sveitarfélaganna að laxeldi teljist umhverfisvænt með tilliti til þess hve litlu álagi það veldur á auðlindir og loftlagsmál í samanburði við annað eldi. Landnotkun og kolefnisfótspor laxeldis sé þannig margfalt minna en af eldi kjúklinga, svína eða nautgripa. **– jhh**

**»** Sveitarfélög á Vestfjörðum telja að laxeldi sé umhverfisvænt og valdi litlu álagi á auðlindir.

## Sorg í Sýrlandi



Særðir Sýrlendingar hvíla sig nærri fremstu víglínu í átökunum um borgina Rakka. Bandalag uppreisnarmanna, sem nýtur aðstoðar Bandaríkjahers, hefur nú endurheimt um 30 prósent borgarinnar af hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki. Átökin um borgina hófust í júnímánuði en í marga mánuði á undan vann bandalagið að því að endurheimta landsvæði umhverfis borgina. NORDICPHOTOS/AFP



**Skoska eyjan Ulva var síðast til sölu fyrir 70 árum.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hægt að verða eyjajarl fyrir 600 milljónir

**BRETLAND** Skoska eyjan Ulva við vesturströnd landsins er til sölu í fyrsta sinn í sjötíu ár. Business Insider greinir frá því að hægt sé að eignast eyjuna fyrir 4,25 milljónir punda, jafnvirði 590 milljóna íslenskra króna.

Eyjan er önnur sú stærsta í Innri-Suðureyjaklasanum og er 20 ferkílómetrar að flatarmáli. Eyjan er mjög afskekkt en á henni eru ekki malbikaðir vegir, engar krár eða verslanir. Eina leiðin til að komast þangað er með ferju.

Á Ulva er sjö svefnherbergja hús sem ber nafnið Ulva House. Húsið var reist árið 1950 og er glæsilega innréttað. Breski barnabókahöfundurinn Beatrix Potter gisti þar oft og tileinkaði tvær bækur eiganda eyjunnar.

Á eyjunni sem er skógi vaxin er einnig að finna kirkju og veitingastað auk átta annarra íbúðarhúsa. **– sg**

# Margvísleg hætta

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýkingarhætta af völdum saurmengunar getur verið margvísleg. Hættan fer eftir því hvaða sýklar (bakteríur, veirur og sníkjudýr) eru í menguninni og í hversu miklu magni þeir finnast. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Landlæknis, en sóttvarnalæknir fundaði í gær með starfsfólki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til að ræða saurmengunina sem varð vegna bilunar í dælustöð í Faxaskjóli.

Sóttvarnalæknir vekur athygli á að saurmengaður sjór og baðvatn getur valdið sýkingu í húð og einnig almennum veikindum, sérstaklega meltingarfæraeinkennum, ef hann nær að menga matvæli og drykkjarvatn.

**»** Sóttvarnalæknir vekur athygli á að saurmengaður sjór og baðvatn getur valdið sýkingu í húð og einnig almennum veikindum.

Sóttvarnalæknir hefur upplýst lækna á höfuðborgarsvæðinu um ofangreinda sýkingarhættu og beðið þá um að tilkynna um veikindi sem rekja má til mengunarinnar. Engar tilkynningar um slík veikindi hafa hins vegar borist. **– jhh**

# Vilja ná í fjársjóðskistu í póstherbergi Minden

**Félagið Advanced Marine Services vill starfsleyfi til að ná í kassa með góðmálmum sem það kveðst hafa fundið í póstherbergi þýska flutningaskipsins Minden sem liggur á 2.242 metra dýpi undan Íslandi. Umhverfisstofnun skoðar málið.**



**Skipinu Seabed Constructor, sem leigt var til fjársjóðsleitarinnar í Minden í apríl, var vísað til hafnar í Reykjavík í sama mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Óskað er eftir starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að opna flak þýska flutningaskipsins Minden og ná þaðan verðmætum. Þetta kom fram í Fiskifréttum í gær.

Breska fyrirtækið Advanced Marine Services Limited (AMS) sækir um leyfið með atbeina Lex lögmannsstofu. AMS hóf í apríl síðastliðnum að bjástra við Minden þar sem flak þess liggur á 2.242 metra dýpi um 120 mílur suðaustur af Íslandi. Skipinu sem AMS leigði til verksins, Seabed Constructor, var hins vegar stuggað í land af Landhelgisgæslunni 9. apríl.

Breska félagið telur sig ekki þurfa heimild til að hirða verðmæti úr Minden að sögn Agnars Braga Bragasonar, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun. Þangað barst þó áðurnefnd umsókn um starfsleyfi 27. apríl. Agnar segir að ákvarða þurfi slíkt leyfi út frá hugsanlegri mengunarhættu af aðgerðinni sem skilgreind sé sem niðurrif skips.

„AMS hefur fundið kassa sem er í svokölluðu pósthergi (e. mailroom) undir efsta þilfari skipsins í skut þess. Kassinn er 100x45x45 cm að stærð og því aðeins stærri heldur en ferðataska. Hefur AMS þegar komist inn í herbergið og er kassinn sem AMS telur að geti geymt verðmæti upp við styrktan vegg sem snýr að stafni skipsins,“ segir í umsókn Lex lögmanna fyrir hönd breska félagsins.

Fram kemur að reiknað sé með að aðgerðin taki innan við þrjá sólarhringa. „Umbjóðandi okkar telur að engin hætta sé á mengun vegna aðgerða hans. Um sé að ræða mjög einfalda og fljótvirka aðgerð sem felur í sér að skera í vegg sem síðar verður beygður frá kassa sem umbjóðandi okkar telur að geti innihaldið verðmæti,“ segir í umsókninni. Nánar um innihald kassans segist AMS telja að þar geti verið „verðmætir málmar“.

Engar áreiðanlegar upplýsingar eru um hvað leynist nákvæmlega í Minden sem áhöfn þýska skipsins sökkti sjálf 24. september 1939 til að hindra að það félli í hendur Breta. Miðað við að tilkostnaðurinn er sagður „gríðarlegur“ í umsókn fyrirtækisins og sagður hlaupa á milljónum á hverjum sólarhring blasir þó við að AMS telur þar vera umtalsverð auðævi. Komi verðmæti í ljós verði þau flutt til starfsstöðvar AMS í Bretlandi. Þarlend lög um björgunarlaun muni gilda ef eigandi gefur sig fram.

Eignarhald á Minden er óljóst. „Það er eitt af þeim atriðum sem við vonumst til að fá betri mynd af áður en málið þróast lengra,“ segir Agnar. Breska fyrirtækið haldi því fram að enginn eigi skipið þar sem það sé yfirgefið á hafsbotni og að fylgt verði alþjóðlegum reglum um björgun verðmæta. „Vonandi varpa umsagnirnar, þá meðal annars frá utanríkisráðuneytinu, ljósi á hvort þeir séu sammála þessari túlkun.“

Umsagnarfrestur rennur út í dag og Agnar segir að umsagnir hafi þegar borist frá tveimur aðilum. Ef málið fari á það stig að gefa eigi út starfsleyfi þurfi málið í opinbera auglýsingu.
gar@frettabladid.is

# Ný kynslóð

komin í verslanir Epli




**Nýr** iMac 21" og 27"
Verð frá **179.990**



**Nýr** iPad Pro 10,5" og 12,5"
Verð frá **99.990**



**Ný** MacBook Air
Verð frá **159.990**

**Ný** MacBook Pro
Verð frá **209.990**
Með Touch Bar, frá **289.990**

**Ný** MacBook
Verð frá **209.990**

**10.000 kr.**
NÁMSMANNASTYRKUR**

**Allir sem kaupa fartölvu hjá Epli til 30. september 2017 fá 10.000.- krónur námsmannastyrk í formi gjafabréfs.

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

*Vaxtalaus greiðsludreifing
Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði.
Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

# Stefnir í að 100 milljóna króna múrinn verði rofinn

**SAMFÉLAG** Nú þegar hafa safnast um 17 milljónir króna eða 61 prósenti hærri upphæð en á sama tíma í fyrra í áheitasöfnun Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka. Hlauparar söfnuðu 97,2 milljónum til góðgerðarmála í fyrra sem var nýtt met en miðað við gang mála núna er ekki ólíklegt að það met verði slegið í ágúst.

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í 34. sinn laugardaginn 19. ágúst. Rúmlega 8.600 manns eru þegar skráð til þátttöku í hlaupið og safnar stór hluti þeirra áheitum til góðra málefna á vefnum hlaupastyrkur.is. Áheitasöfnuninni lýkur á miðnætti mánudaginn 21. ágúst. Á hlaupastyrkur.is geta skráðir þátttakendur í Reykjavíkurmaraþoninu safnað áheitum fyrir um 150 mismunandi góðgerðarfélög. – bb



Frá ræsingunni í Reykjavíkurmaraþoninu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**97,2**

milljónum var safnað í hlaupinu í fyrra



TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gæsluvél til Sikileyjar

**UTANRÍKISMÁL** TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar, hélt nú í morgun áleiðis til Sikileyjar en næstu vikurnar sinnir vélin og áhöfn hennar landamæraeftirliti á Miðjarðarhafi fyrir Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, Frontex. Í fréttatilkynningu segir að ráðgert sé að flugvélin verði á Ítalíu þar til í lok ágúst.

Verkefnið er liður í Triton-áætlun Frontex sem hófst í árslok 2014. Markmið áætlunarinnar er meðal annars leit og björgun flótta- og farandfólks sem leggur á sig hættulegt ferðalag frá Afríku og Mið-Austurlöndum til Ítalíu. Yfirvöld á Ítalíu bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar en alls taka 25 aðildarríki Schengen-samstarfsins þátt í henni með því að leggja til starfsfólk og búnað, þar á meðal Ísland. – jhh

**25**

ríki í Schengen-samstarfinu taka þátt í Triton-áætluninni.

## Liu Xiaobo er fallinn frá

**KÍNA** Liu Xiaobo, kínverski nóbelsverðlaunahafinn og stjórnarandstæðingurinn, lést á sjúkrahúsi í Kína í gær, 61 árs að aldri. Þar hafði hann undirgengist meðferð við lifrarkrabbameini.

Liu var færður á spítalann úr fangelsi í síðasta mánuði þar sem hann afplánaði ellefu ára fangelsisdóm fyrir að grafa undan ríkisstjórninni.

Á árum áður var Liu háskólaprófessor en síðar beindi hann sjónum sínum að mannréttindabaráttu. Fyrir störf sín á þeim vettvangi áleit ríkisstjórn Kína hann glæpamann. – þea



Liu Xiaobo nóbelsverðlaunahafi

# Ríkisstjórn Breta leggur fram lykilfrumvarp vegna BREXIT

**Breska ríkisstjórnin birti í gær frumvarp er snýr að Brexit. Fjallar frumvarpið um innleiðingu laga Evrópusambandsins í bresk lög sem og afnám laga er samþykkt voru við inngöngu Bretlands. Stjórnarandstaðan mun ekki styðja frumvarpið í óbreyttri mynd og þarf Íhaldsflokkurinn að reiða sig á stuðning DUP.**

**BRETLAND** Ríkisstjórn breska Íhaldsflokksins, undir forystu Theresu May forsætisráðherra, birti í gær nýtt frumvarp um útgöngu landsins úr Evrópusambandinu. Frumvarpið snýst um að færa lög Evrópusambandsins inn í bresk lög.

Frumvarpið er nokkurs konar hryggjarstykki Brexit og í fyrstu línu frumvarpsins er kveðið á um að á útgöngudegi muni lögin sem samþykkt voru á inngöngudegi Bretlands falla úr gildi. Muni lög Evrópusambandsins því ekki gilda lengur í Bretlandi.

Þótt Bretar muni með væntanlegri samþykkt frumvarpsins tileinka sér lög Evrópusambandsins mun í kjölfar útgöngunnar opnast möguleiki á því að breyta eða afnema téð lög.

Ekki er búist við því að málið komi til umræðu á breska þinginu fyrr en í haust, að því er BBC greinir frá. Hins vegar þarf að vera búið að samþykkja frumvarpið, eða sambærilegt frumvarp, fyrir væntanlega útgöngu úr sambandinu sem stefnt er á að verði í mars árið 2019.

David Davis, ráðherra málefna er tengjast útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, sagði í gær að hann væri tilbúinn að vinna með hverjum sem er til að ná frumvarpinu í gegn. „Þetta frumvarp gerir Bretum kleift að ganga úr Evrópusambandinu með fullri vissu og fullri stjórn á aðstæðum,“ sagði Davis í gær.

„Frumvarpið er eitt það mikilvægasta og merkilegasta sem hefur nokkurn tímann komið fyrir breska þingið. Það er mikilvægur áfangi í útgöngu okkar úr Evrópusambandinu,“ sagði Davis enn fremur.

Bætti ráðherrann því við að með samvinnu og þjóðarhag í huga væri hægt að tryggja að lagaumhverfi Bretlands yrði heilsteypt og án hnökra þegar að útgöngudegi kemur. „Augu þjóðarinnar hvíla á okkur og ég vil vinna með hverjum sem er að þessu markmiði til að móta nýja framtíð fyrir Bretland.“



Theresa May og Filippus sjötti Spánarkonungur funduðu í gær, meðal annars um Brexit. NORDICPHOTOS/AFP

Ljóst er að frumvarpið mun mæta nokkurri andstöðu þegar það kemur til umræðu og loks atkvæðagreiðslu. Mun stjórnarandstaðan leita til þeirra Íhaldsmanna er harðastir voru í kosningabaráttu gegn Brexit. Hafa ber í huga að ríkisstjórn May er minnihlutastjórn en hún mun njóta stuðnings Lýðræðislega sambandsflokksins (DUP) við atkvæðagreiðslur sem þessa. Samanlagt hafa flokkarnir tveir, að því gefnu að allir þingmenn þeirra kjósi á sama hátt, meirihluta.

Ríkisstjórn May tapaði meirihluta sínum í kosningum sem haldnar voru fyrr á árinu, þremur árum á undan áætlun. Var það afar óvænt og í viðtali við BBC í gær lýsti May því að hún hefði fellt tár þegar hún frétti af útgönguspám.

Tim Farron, leiðtogi Frjálslynda flokksins, hét því í gær að berjast af mikilli hörku gegn frumvarpinu. „Ef ykkur fannst erfitt að virkja fimmtugasta ákvæði Lissabonsáttmálans mun ykkur finnast þetta vera helvíti.“

**» Frumvarpið snýst um að færa lög Evrópusambandsins inn í bresk lög. Ekki er búist við að það komi til umræðu í þinginu fyrr en í haust.**

Keir Starmer, skuggaráðherra stjórnarandstöðunnar í málefnum tengdum Brexit, sagði í gær að flokkur hans, Verkamannaflokkurinn, myndi ekki styðja frumvarpið óbreytt. Vill hann að það sé skýrt kveðið á um að breskir verkamenn njóti sömu réttinda og verkamenn innan ESB.

Þá sagði Ian Blackford, þingflokksformaður Skoska þjóðarflokksins, að ríkisstjórnin þurfi að útskýra hvernig því valdi sem endurheimt verður frá ESB verður úthlutað, einkum með tilliti til heimastjórna þjóða Bretlands.

Filippus Spánarkonungur var í opinberri heimsókn í Bretlandi í gær og átti hann fund með May forsætisráðherra. Sagðist hann vilja að hömlur á viðskipti milli þjóðanna yrðu í lágmargi eftir Brexit. Þá munu þau einnig hafa rætt afstöðu þjóðanna til málefna Gíbraltar. Tilheyrir Gíbraltar nú Bretum en Evrópusambandið hefur boðið Spánverjum neitunarvald þegar kemur að ákvörðunum um afstöðu ESB til Gíbraltar eftir Brexit.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Færri innbrot á Suðurlandi

**SUÐURLAND** Innbrotum virðist hafa fækkað til muna á þessu ári miðað við síðasta ár á Suðurlandi. Þann 13. júlí í fyrra var búið að tilkynna 29 innbrot til lögreglunnar á Suðurlandi víðsvegar úr umdæminu. Það sem af er ári hefur verið tilkynnt um 16 innbrot.

Sveinn Kristján Rúnarsson yfirlögregluþjónn segist ekki hafa tekið sérstaklega út hver staðan sé eingöngu varðandi sumarhús, en honum sýnist hlutfallið þar vera á sama róli, það er töluverð fækkun milli ára. Fréttablaðið greindi frá því í gær að öfug þróun virtist vera á Vesturlandi þar sem átta innbrot hafi átt sér stað í sumarhús í ár, samanborið við eitt í fyrra.

Lögreglan á Suðurlandi hefur undanfarið ár getað stóreflt eftirlit í uppsveitum Árnessýslu og er að öllu jöfnu að minnsta kosti einn bíll sem sinnir því svæði eingöngu. Einnig hefur verið haldið úti eftirliti í Öræfum nú í sumar og síðasta sumar.

„Þannig að við höfum getað eflt löggæslu á svæðinu til muna og vonumst til að fá að halda því fjármagni til framtíðar svo við sjáum áfram svona árangur,“ segir Sveinn. – sg



Innbrotum í sumarhús á Suðurlandi virðist hafa fækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mikið úrval notaðra bíla
## Opið á laugardögum í allt sumar





**Kia Optima Premium**
Árgerð 2014, ekinn 59 þús. km, dísil, 136 hö., 1685 cc, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 340132
**3.790.000 kr.**
40.050 á mánuði*

**VW Tiguan Sport Style**
Árgerð 2014, ekinn 80 þús. km, dísil, 140 hö., 1968 cc, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320564
**3.290.000 kr.**
34.800 á mánuði*



**VW Passat Ecofuel**
Árgerð 2010, ekinn 167 þús. km, bensín og metan, 150 hö., 1.390 cc, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
992145
**1.190.000 kr.**
17.700 kr. á mánuði*



**Ford Focus Titanium S**
Árgerð 2012, ekinn 38 þús. km, dísil, 116 hö., 1.997, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320573
**2.190.000 kr.**
22.900 kr. á mánuði*



**Volvo S60**
Árgerð 2013, ekinn 86 þús. km, dísil, 115 hö., 1.560 cc, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320386
**2.950.000 kr.**
30.800 kr. á mánuði*



**Focus Ternd Station**
Árgerð 2006, ekinn 152 þús. km, bensín, 101 hö., 1.596 cc, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320502
**690.000 kr.**
Möguleiki á láni



**Toyota Auris Terra**
Árgerð 2012, ekinn 69 þús. km, bensín, 100 hö., 1.329 cc, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320630
**1.550.000 kr.**
19.000 kr. á mánuði*



**Mitsubishi Pajero Instyle**
Árgerð 2015, ekinn 52 þús. km, dísil, 200 hö., 3.200 cc, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320634
**5.970.000 kr.**
62.100 kr. á mánuði*



**Renault Megane Sport T**
Árgerð 2012, ekinn 72 þús. km, dísil, 110 hö., 1.461 cc, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320637
**1.650.000 kr.**
18.900 kr. á mánuði*



**VW Passat CC**
Árgerð 2012, ekinn 74 þús. km, dísil, 140 hö., 1.968 cc, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320805
**2.950.000 kr.**
30.800 kr. á mánuði*



**Skoda Fabia Ambition**
Árgerð 2017, ekinn 4 þús. km, bensín, 90 hö., 1.197 cc, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 320826
**2.490.000 kr.**
26.300 kr. á mánuði*



**Suzuki Grand Vitara P**
Árgerð 2011, ekinn 126 þús. km, bensín, 169 hö., 2.393 cc, beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 992294
**2.190.000 kr.**
22.900 kr. á mánuði*



**Peugeot 307 SW Break**
Árgerð 2007, ekinn 146 þús. km, bensín, 140 hö., 1.997 cc, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 992262
**690.000 kr.**
Möguleiki á láni



**Range Rover Vouge SE**
Árgerð 2011, ekinn 113 þús. km, dísil, 314 hö., 4.367 cc, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 340092
**8.600.000 kr.**
89.500 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 60 mánuði.
Vextir 8% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,91%.*

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# Hjörleifur Jakobsson kaupir í Kviku

**Hjörleifur Jakobsson og eiginkona hans hafa keypt rúmlega 3,3 prósenta hlut í bankanum af Brimgörðum. Hjörleifur, sem er meðal annars stór hluthafi í Öskju og Öryggismiðstöðinni, sat í stjórn Kaupþings og var einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Ólafssonar.**

**VIÐSKIPTI** Hjörleifur Jakobsson, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, og eiginkona hans, Hjördís Ásberg, hafa eignast ríflega 3,3 prósenta hlut í Kviku banka. Seljandi bréfanna er eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem var fyrir viðskiptin næststærsti hluthafi fjárfestingarbankans með 8,3 prósent, en gengið var frá kaupunum fyrr í þessari viku. Eignarhlutur þeirra hjóna í Kviku er í gegnum safnreikning hjá Virðingu en eftir kaupin eru þau á meðal tíu stærstu hluthafa bankans.

Hjörleifur, sem er í dag stjórnarformaður Öryggismiðstöðvarinnar og bílaumboðsins Öskju, var um tíma einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og stýrði þá fjárfestingarfélaginu Kili sem var stór hluthafi í Kaupþingi. Ekki liggur fyrir hvað hann greiddi fyrir bréfin í Kviku en ef gengið var hið sama og í janúar síðastliðnum, þegar tryggingafélagið VÍS keypti um 22 prósenta hlut í bankanum fyrir 5,4 krónur á hlut, má áætla að kaupverðið hafi verið rúmlega 250 milljónir króna.

Þau hjónin hafa komið að ýmsum fjárfestingum á undanförnum árum, meðal annars að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu, en Hjörleifur var á árum áður forstjóri Hampiðjunnar og Olíufélagsins Esso. Eignarhaldsfélag þeirra seldi tæplega fjórtán prósenta hlut í Hampiðjunni vorið 2014 og nam hagnaður félagsins af sölunni um 760 milljónum. Þá er um þessar mundir verið að vinna að því að ganga frá sölu á Öryggismiðstöðunni, þar sem Hjörleifur er á meðal stærstu hluthafa, en félagið var sett í söluferli í lok apríl á þessu ári, eins og greint var frá í Fréttablaðinu.

Brimgarðar eru í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs, Eggerts Árna og Halldórs Páls Gíslabarna en félög í þeirra reka meðal annars matvælafyrirtækin Mata, Matfugl og Síld og fisk. Þá eru Brimgarðar jafnframt í hópi stærstu hluthafa í fasteignafélögunum Reitum, Regin og Eik. Þau systkinin komu inn í hluthafahóp Straums fjárfestingarbanka sumarið 2014 sem sameinaðist ári síðar MP banka undir nafninu Kvika.



Hlutafé Kviku fjárfestingarbanka verður aukið um allt að tvo milljarða króna til að fjármagna kaupin á Virðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hlutafé aukið um 2 milljarða

Talsvert hefur verið um viðskipti með bréf í Kviku banka á undanförnum mánuðum og misserum. Nokkrum vikum fyrir kaup VÍS á rúmlega fimmtungshlut í fjárfestingarbankanum í byrjun þessa árs höfðu annars vegar hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, fyrrverandi aðaleigendur Skeljungs og stórir hluthafar í VÍS, og félag í eigu Sigurðar Bollasonar og Dons McCarthy, fyrrverandi stjórnarmanns House of Fraser, keypt samanlagt 15 prósenta hlut í Kviku. Þá bætti VÍS við sig um þriggja prósenta hlut í bankanum í apríl síðastliðnum þegar tryggingafélagið keypti hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands auk þess sem félagið RES II, sem er í meirihlutaeigu Sigurðar, gekk nýlega frá kaupum á stærstum hluta bréfa TM í Kviku og á eftir þau viðskipti tæplega tíu prósenta hlut.


Hjörleifur Jakobsson

**250**

**milljónir má áætla að kaupverðið hafi verið fyrir 3,3 prósenta hlut.**

Á hluthafafundi Kviku sem fer fram í dag, föstudaginn 14. júlí, mun stjórn bankans leggja til að núverandi heimild til hækkunar hlutafjár félagsins verði aukin um 200 milljónir að nafnvirði, eða úr 200 milljónum í 400 milljónir hluta. Til stendur að auka hlutafé bankans um allt að tvo milljarða króna til að fjármagna kaupin á Virðingu en hluthafar verðbréfafyrirtækisins samþykktu í lok síðasta mánaðar með miklum meirihluta kauptilboð Kviku í allt hlutafé félagsins fyrir 2.560 milljónir.

Að hve miklu leyti heimildin verður nýtt fer eftir afkomu Kviku á öðrum ársfjórðungi og eins endanlegu samþykki hluthafa bankans og Öldu sjóða en í byrjun júní var undirritaður samningur um kaup Virðingar á Öldu. Hluthafar Kviku hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum í bankanum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína í félaginu. Ekki er búist við því að áskriftarloforð verði innheimt fyrr en í september eða október á þessu ári.

hordur@frettabladid.is

# Hjúkrunarfræðingum þarf að fjölga um 130

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn þarf 100-130 hjúkrunarfræðinga til að geta mannað stöður eins og þarf, segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og staðgengill forstjóra Landspítalans. Stjórnendur spítalans telja ástandið erfitt en viðráðanlegt.

„Það er ansi þunnt smurt, sumarleyfi ofan í það að vera ekki með fulla mönnun fyrir. Það er heilmikið púsluspil,“ segir Sigríður. „Síðustu mánuði höfum við áætlað að okkur vanti 100 til 130 hjúkrunarfræðinga til að geta mannað eins og við myndum vilja miðað við þarfir sjúklinganna,“ bætir hún við.

Sigríður segir gríðarlega marga ferðamenn leita sér þjónustu yfir hásumarið. „Sem gerir það að verkum að þjónusta á Landspítalanum dettur ekki eins mikið niður og hún gerði kannski áður,“ segir Sigríður.

„Yfir hávetur erum við með alla starfsemi í hámarki en á sumrin dregur úr til dæmis aðgerðum en þá fáum við mjög mikið álag af ferðamönnum. Það er kannski annars eðlis þannig að álagið á bráðamóttökunni okkar hefur verið mjög mikið. Ferðamenn leita á bráðamóttöku með eitthvað sem

> **Það er ansi þunnt smurt, sumarleyfi ofan í það að vera ekki með fulla mönnun fyrir. Það er heilmikið púsluspil**
>
> Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

þeir myndu ef til vill leita með til síns heimilislæknis heima hjá sér. Það eykur álag á starfsemina og það er mjög mikil áskorun að ná að sinna því öllu,“ segir hún.

Tekist hefur að draga úr álagi með því að fresta ýmissi þjónustu yfir sumarið. „Það gerist á hverju einasta sumri. Það er margt sem kemur til. Það er venjulega ekki verið að framkvæma sumar meðferðir nema í bráðatilfellum yfir hásumar. Við erum að fara inn í þann tíma ársins þar sem við erum með mestan samdrátt í starfseminni. Það nær hámarki núna í kringum helgina og fram að verslunarmannahelgi er það mest,“ segir Sigríður. **– sg**

# Eiga ekki rétt á félagslegu húsnæði

**HÚSNÆÐISMÁL** Fjöldi íbúa í Hafnarfirði hefur leitað til sveitarfélagsins síðustu daga og vikur eftir aðstoð við leit að leiguhúsnæði á svæðinu. Þar er um að ræða nýjan hóp samfélagsþegna sem leitar aðstoðar og á samkvæmt núgildandi reglum um félagslegt húsnæði ekki rétt á slíku húsnæði. Sumir í þessum hópi eiga það meðal annars sammerkt að búa í húsnæði í eigu Íbúðalánasjóðs.

Í einhverjum tilfellum er hér um að ræða einstaklinga sem hafa sjálfir misst viðkomandi húsnæði vegna vanefnda og skulda í kjölfar efnahagshrunsins og fengið leyfi Íbúðalánasjóðs til að búa í húsnæðinu áfram til ákveðins tímabils í senn. Nú hefur Íbúðalánasjóður hins vegar gefið það út að til standi að selja sem flestar eignir sjóðsins fyrir árslok sem þýðir að stór hópur fólks mun eiga í erfiðleikum með að finna sér húsnæði á næstu mánuðum verði ekki gripið til viðeigandi stuðningsaðgerða.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar í gær var meðal annars tekið fyrir erindi bæjarstjóra, Haraldar L. Haraldssonar, til Íbúðalánasjóðs vegna vaxandi húsnæðisvanda. Bæjarráð tók undir þau sjónarmið og mikilvægi þess að orðið yrði við þeim.


Hafnarfjarðarbær á og rekur í dag 238 félagslegar leiguíbúðir og leigir að auki 11 íbúðir til endurleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hafnarfjarðarbær hefur farið þess á leit við Íbúðalánasjóð að sjóðurinn dragi til baka uppsagnir á leiguíbúðum í eigu sjóðsins í Hafnarfirði sem ekki er búið að selja. Beiðni sveitarfélagsins snýr jafnframt að því að þessar íbúðir verði ekki seldar að minnsta kosti næstu þrjú árin og þá verði staða á markaði endurmetin áður en gengið verður fram með sölu þeirra.

Haraldur bæjarstjóri hefur þungar áhyggjur af þróun mála og hefur þegar sent forstjóra Íbúðalánasjóðs og félags- og jafnréttismálaráðherra erindi af því tilefni. „Það er að myndast nýr hópur fólks sem hvorki getur keypt né leigt húsnæði. Húsnæðisverð er of hátt og leigugjöld sömuleiðis þar sem framboð af leiguíbúðum er ekki að anna tímabundinni eftirspurn. Um er að ræða einstaklinga sem eru með tekjur vel yfir því sem við höfum sett sem skilyrði fyrir möguleika á félagslegu húsnæði, einstaklinga sem ekki hafa áður búið við skort en eru ekki að sjá leið út úr núverandi stöðu,“ segir Haraldur í tilkynningu frá bænum. **– bb**




## Fylgstu með í Sjónvarpi Símans

Nú um helgina verða um 2.000 fótboltastelpur samankomnar á Símamótinu sem er það stærsta frá upphafi. Fylgstu með beinum útsendingum frá mótinu í Sjónvarpi Símans um helgina.

Allar upplýsingar um mótið er að finna á **Simamotid.is**

# Unnið sitt verk



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Frá því að haftaáætlun stjórnvalda var kynnt í júní 2015 hefur raungengi krónunnar hækkað um liðlega 35 prósent á aðeins tveimur árum. Slík styrking á jafn skömmum tíma er fordæmalaus. Þrátt fyrir að krónan hafi gefið eitthvað eftir á síðustu vikum þá er raungengið enn í hæstu hæðum. Ekkert bendir til annars en að gengishækkunin hafi til þessa verið í samræmi við undirliggjandi efnahagsaðstæður – mikill og viðvarandi viðskiptaafgangur hefur enda skilað Íslandi í hóp þeirra ríkja sem eru lánveitendur við útlönd.

Ævintýralegur uppgangur í ferðaþjónustu hefur átt sinn þátt í að skapa þessar aðstæður. Þeim vexti hefur fylgt verulegt gjaldeyrisinnstreymi sem hefur orsakað styrkingu krónunnar. Meira kemur samt til. Það er einföldun að halda því fram að það sé aðeins fjölgun ferðamanna sem hafi þrýst upp genginu heldur skiptir í þeim efnum ekki síður máli sá gríðarmikli afgangur sem hefur verið á fjármagnsjöfnuði frá því í ársbyrjun 2015. Þar spilar meðal annars inn í innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skráðum félögum, hækkandi lánshæfiseinkunn ríkisins sem hefur ýtt undir erlendar lántökur banka og fyrirtækja og ekki hvað síst áður óþekktur áhugi erlendra fjárfesta á kaupum á íslenskum fyrirtækjum í hinum ýmsu atvinnugreinum. Ólíklegt er að þessi þróun muni snúast við á næstunni.

Ýmis merki eru nú samt um að sterkt gengi krónunnar sé farið að hægja á vextinum í ferðaþjónustu. Fyrirséð er að sum fyrirtæki, sem hafa spennt bogann of hátt í fjárfestingum, þurfi að leita leiða til hagræðingar vegna erfiðara rekstrarumhverfis. Þannig má öllum vera ljóst að þessi staða – og þó fyrr hefði verið – kallar á verulega samþjöppun. Tækifæri til þess er svo sannarlega fyrir hendi. Fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu, meðal annars bílaleiga og rútufyrirtækja, hefur margfaldast á síðustu árum. Rekstur þeirra allra stendur að óbreyttu ekki undir sér.

Þá sætir það furðu að ekki hafi fleiri fyrirtæki sem starfa við ferðaþjónustu kosið að skuldsetja sig í erlendri mynt – og um leið spara sér fjármagnskostnað – í stað þess að vera með lán að langstærstum hluta í krónum. Vitað er að framboð af erlendu lánsfjármagni hjá bönkunum er meira en eftirspurnin um þessar mundir. Afkoma flestra ferðaþjónustufyrirtækja er háð sveiflum í gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og því einungis eðlilegt og skynsamt að fjármagnsskipan þeirra taki mið af því. Verði ekki breyting þar á er hætt við því að sum fyrirtæki þurfi að fást við neikvæðar afleiðingar þess að vera með gengislán með öfugum formerkjum á komandi misserum.

Það er oft til vinsælda fallið, enda einföld útskýring, að gera krónuna að blóraböggli þegar skórinn kreppir að í útflutningsgreinum landsins. Þetta sjáum við nú í máli forsvarsmanna ferðaþjónustunnar. Þótt styrking krónunnar sé farin að bíta í afkomu þessarar nýju gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar þá er það staðreynd að gengishækkunin hefur gegnt lykilhlutverki í aðlögun þjóðarbúsins að þeim búhnykk sem vöxtur hennar hefur valdið á undanförnum árum. Að öðrum kosti væri meira ójafnvægi í hagkerfinu, aukin verðbólga og hærri vextir. Seðlabankastjóri hefur af þessum sökum sagt að krónan sé búin að vinna sitt verk. „Að viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum þrátt fyrir þennan mikla vöxt, sem er nánast ósjálfbær, með því að hægja á honum.“ Hann hefur vitaskuld rétt fyrir sér.

**Það sætir því einnig furðu að ekki hafi fleiri fyrirtæki sem starfa við ferðaþjónustu kosið að skuldsetja sig í erlendri mynt.**

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðabæjar í alfaraleið


Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

## Halldór




## Frá degi til dags

**Peningabruðlið**

**Þingmenn úr röðum Sjálfstæðisflokksins gagnrýna harðlega auglýsingar Vínbúðanna sem ætlað er að vekja athygli á því að fólk þurfi að mæta með skilríki í verslanirnar. Vínbúðirnar hafa staðið að gerð slíkra auglýsinga um árabil og yfirleitt réttlætt þær með tilvísun í einhvers konar samfélagsábyrgð. Gagnrýni þingmannanna er því kannski skiljanleg, enda er gerð og birting slíkra auglýsinga dýr og ef til vill betra að Vínbúðirnar skili peningunum í ríkiskassann í stað þess að þeir fari til auglýsingastofanna.**

**Óvinsæl hugmynd**

**Í samtölum sínum við fjölmiðla í gær vöktu þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þau Teitur Björn Einarsson og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, athygli á því að þessar auglýsingar Vínbúðanna væru til marks um hversu mikil tímaskekkja stofnun eins og ÁTVR er. Þessi málflutningur er ekki nýr af nálinni en það er alveg ljóst að gagnrýnendur þurfa að hafa sig alla við til að sannfæra aðra í þessum efnum. Það er nefnilega alveg sama hversu oft Teitur og Áslaug Arna eða aðrir þingmenn leggja til breytingar á sölufyrirkomulagi áfengis. Almenningur stendur alltaf jafn þétt við bakið á ÁTVR.**

**jonhakon@fréttabladid.is**

# Staðreyndir fyrir Hildi



Heiðar Guðjónsson
fjárfestir

Hildur Knútsdóttir sendir mér tóninn í Fréttablaðinu 6. júlí. Hún segir mig, samstarfsmenn mína, ásamt norsku og kínversku ríkisolíufélögunum skorta siðferði í grægði okkar. Hér eru nokkrar staðreyndir sem sýna villu Hildar:

1) Lífskjör almennings hafa aldrei batnað jafn hratt og eftir að olíuöldin hófst eftir miðja 19. öld. Ísland er skýrasta dæmið í þeim efnum. Vegna samgöngubyltingar alfarið í krafti olíu hafa lífsskilyrði þar færst frá að vera ein lökustu í Evrópu í fremstu röð. Notkun Íslendinga á olíu mun aukast með tíðari flug- og skipaferðum. Þeir flutningar eru hagkvæmir, stytta núverandi leiðir og minnka þannig mengun á heildina litið.

2) Olía og gas hafa komið í stað brennslu á viði, kolum, taði og öðru og þannig dregið stórkostlega úr mengun, slysum og sjúkdómum.

3) Parísarsáttmálinn segir ekki að láta beri olíu- og gaslindir óhreyfðar. Hann hvetur hins vegar til þess að mest mengandi kolefnin (lesist: kol) skuli ekki unnin heldur þau skaðminni (olía og gas).

4) Olíu- og gasnotkun hefur tryggt afskekktum svæðum samgöngur, rafmagn og aðra innviði og stórbætt lífskjör almennings alls staðar.

5) Auðveldara er að bregðast við breytingum á veðri en að reyna að stjórna því. Lífskjarabatinn sem olíuvinnsla hefur fært heiminum eykur líkurnar á uppgötvun nýrra orkugjafa.

Stjórnmálaflokkur Hildar Knútsdóttur, VG, veitti Eykon, Petoro og CNOOC vinnslu- og leitarleyfi á Drekasvæðinu. Fyrir því voru skýr rök enda vandfundinn öflugri hópur. Norska ríkisolíufélagið er reynslumesti leitar- og vinnsluaðili í Atlants- og Barentshafi og CNOOC einn sá reynslumesti og stærsti í Norðursjó. Bæði fyrirtækin eru efnahagslega í hópi þeirra burðugustu í heimi.

Hvergi í heiminum hefur reynst farsælla að vinna orku en í norðri. Olíuvinnsla við Ísland verður ávallt öruggari en þar sem öryggis- og eftirlitsleysi ríkir. Íslendingar nota meiri olíu miðað við höfðatölu en Bandaríkjamenn. Olíuvinnsla hér við land yki sjálfbærni Íslendinga til mikilla muna. Öll rök, siðferðileg, umhverfisleg og efnahagsleg mæla með að olía og gas verði unnið við Ísland.

**Hvergi í heiminum hefur reynst farsælla að vinna orku en í norðri.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is



# Ábyrgð á hinu ósýnilega

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

**Það getur verið indælt algleymi að njóta afraksturs og öryggis sem aðrir tryggja.**

Sá er sagður reginmunur á hundum og köttum að þótt báðar tegundir upplifi á góðum heimilum svipað atlæti þá dragi þær ólíkar ályktanir. Ábyrgir gæludýraeigendur huga alúðlega að dýrum sínum og gæta þess að dýrin hafi húsaskjól, fái nægan mat, mátulegt frelsi og góða hreyfingu. Hundar sem njóta slíks atlætis verða afar hændir að eigendum sínum og fara nánast að líta á þá sem guði. Kettir, sem aldir eru upp við munað og þægindi, ljúflegar strokur og blíðmælgi komast hins vegar að þeirri niðurstöðu—sem er svosem ekkert vitlausari—að það sé ekkert merkilegt við hina þjónustulunduðu eigendur, heldur hljóti þeir sjálfir að vera guðirnir úr því nostrað er svona við þá.

**Hálfguðir í bleyjum**

Á fyrstu æviárum barna gætir svipaðra tilfinninga. Fyrst um sinn er þakklætið í garð foreldranna ómengað og einlægt. Allt virðist gerast af sjálfu sér; máltíðir birtast á matmálstímum, föt raðast hrein í skúffur og öðru hverju tekst til í herberginu. Smám saman er þó hætt við því að börnin fari að sjá sig sömu augum og kettirnir, enda ekki skrýtið í ljósi þess hversu algengt er að farið sé með þau eins og hálfguði. Það er hlaupið á eftir öllum þeirra dyntum og hugdettum, krúttlegheitin og gáfumerkin eru skilmerkilega auglýst og þau kölluð snillingar þegar þau tileinka sér lágmarksfærni, svo sem eins og að drekka vatn úr glasi eða pissa í kopp.

Eitt af því sem þau byrja þó að velta fyrir sér snemma er hvað gerist þegar sturtað er niður. Hingað til hafa þreyttir foreldrar í höfuðborginni líklega talið sig geta giskað á að allt heila klabbið fari út í sjó; en geta núna sagt með glotti að það sé sent út í fjöru svo allt hrausta útivistarfólkið geti baðað sig í því.

**Ósýnilegu kerfin**

Það getur verið indælt algleymi að njóta afraksturs og öryggis sem aðrir tryggja. Og það er kannski skýrasta dæmið um hversu háþróað samfélag við byggjum að jafnvel fullorðið fólk þarf að hafa áhyggjur af sífellt færri grunnþörfum. Við treystum á maturinn birtist í hentugum neytendaumbúðum í hillum verslana, að pósturinn læðist inn um lúgurnar, að vatnið flæði af krafti úr krönum, að rafmagn streymi úr innstungum, að ruslið sé tæmt úr tunnum og að skólpið skolist út úr klósettum.

En þótt við njótum þeirra forréttinda að geta tekið ýmsum flóknum hlutum sem sjálfsögðum, þá er það reginskyssa að leyfa sér að halda að þeir gerist sjálfkrafa. Á bak við öll þau kerfi sem við treystum á frá degi til dags liggur mikil vinna og þekking; og stundum viðkvæmt jafnvægi.

Reyndar eru það einmitt þessi stóru, flóknu og ósýnilegu kerfi sem hafa líklega verið helsta ástæða þess að fólk í þéttbýli áttaði sig á því að það þyrfti að velja fólk til þess að bera ábyrgð á ákveðnum sameiginlegum viðfangsefnum. Brunavarnir, ásamt kerfum til þess að farga sorpi og skólpi eru nefnilega þess eðlis að það stoðar lítið fyrir einstaka heimili að hafa sitt á hreinu ef nágrannarnir eru í djúpum skít.

**Ábyrgðarhlutverk borgarfulltrúa**

Það skal ekki dæmt um það hér hversu alvarlegar bilanirnar í skólpstöð Reykjavíkur voru. Það sem atvikið minnir okkur hins vegar á er að ástæða þess að við kjósum fulltrúa til að fara með sameiginleg mál í bæjum og borgum er einmitt að hafa vökult auga með þeim grundvallarkerfum sem allt okkar daglega líf byggist á.

Það er óhjákvæmilegt að bilanir geti orðið en það er hins vegar óforsvaranlegt að þau yfirvöld sem kjörin eru í höfuðborginni telji sig hafa svo mörgum öðrum hnöppum að hneppa að þau hafi ekki tíma til þess að hafa fullkomna vitneskju um ástand allra þeirra grunnkerfa sem þeim er falin ábyrgð á. Í ljósi þess sem gerst hefur hljóta þeir að endurskoða ögn í hvað þeir verja tíma sínum og orku.

Háþróað samfélag gerir flókna verkaskiptingu mögulega. Sá er hins vegar munur á fullorðnu fólki og ungbörnum að við vitum að þótt hlutir líti út fyrir að gerast sjálfkrafa þá gerum við okkur grein fyrir því að hin ósýnilegu kerfi byggjast á mikilli vinnu og viti. Fyrir þetta borgum við skatta og kjósum fólk til ábyrgðar.

Og það er líka stór munur á okkur og gæludýrunum okkar. Viti borið fólk lætur sér ekki detta í hug að líta á borgarfulltrúa sem kraftaverkafólk eða hálfguði—hvað svo sem þeim kann sjálfum að finnast.


**Skoda Superb Combi** Ambition 1.4 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

HEKLA

**KJARAKAUP 4.130.000 kr.**
Fullt verð: 4.860.000 kr.

Afsláttur
**730.000 kr.**




# KJARAKAUP

**Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!**

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð.

**VW Polo** Comfortline Beats 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur / 300 vatta Beats-hljómflutningskerfi úr smiðju Dr. Dre.

**KJARAKAUP 2.890.000 kr.**
Fullt verð: 3.130.000 kr.

Afsláttur
**240.000 kr.**

TAKMARKAÐ MAGN




**Skoda Fabia** Hathcback Ambition 1.2 / Bensín / Sjálfskiptur

**KJARAKAUP 2.470.000 kr.**
Fullt verð: 2.890.000 kr.

Afsláttur
**420.000 kr.**



NÝIR BÍLAR

**VW Tiguan** Trendline 2.0 TDI / Fjórhjóladrifinn / Dísil / Sjálfskiptur

**KJARAKAUP 4.790.000 kr.**
Fullt verð: 5.995.000 kr.

Afsláttur
**1.205.000 kr.**



**Audi A4** Station Sport 1.4 TFSI / Bensín / Sjálfskiptur

**KJARAKAUP 6.240.000 kr.**
Fullt verð: 7.800.000 kr.

Afsláttur
**1.560.000 kr.**

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!



**VW Polo** CrossPolo 1.4 TDI / Dísil / Beinskiptur

**KJARAKAUP 2.890.000 kr.**
Fullt verð: 3.390.000 kr.

Afsláttur
**500.000 kr.**

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

# SUMARTILBOÐ



Cross-borð
**Nú 69.900.**
SPARAÐU 30.000

Botanic-stóll
**Nú 14.900**
SPARAÐU 10.000

Cross-borð. Gúmmítré, 90 x 190 cm. 99.900 kr. Nú 69.900.
Botanic-stóll. Hvít plastseta, fætur úr gúmmítré 24.900 kr. Nú 14.900 kr.

Svaneke-Stóll
**Nú 9.900.**
SPARAÐU 5.000

Siam-Borð
**Nú 29.900**
SPARAÐU 10.000



Siam-borð. Álgrind. Gúmmíviður í borðplötu. 39.900 kr. Nú 29.900 kr. Svaneke-stóll. Svartur. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.

**25%**
AF ZADA BLÓMAPOTTUM



Zada-blómapottur. Lítill. Ø39xH35 cm. 7.995 kr. Nú 5.995 kr. Miðstærð. Ø57xH43 cm. 11.995 kr. Nú 8.995 kr. Stór. Ø54xH60 cm. 15.995 kr. Nú 11.995 kr.

**40%**
AF AOMANI LJÓS



ÚTILJÓS!

Aomani-útiljós. Borðlampi H60xØ48cm 16.900 kr. Nú 9.900 kr.
Gólflampi H150xØ48cm 19.900 kr. Nú 11.900 kr.

Paris-Sólhlíf
**Nú 12.900**
SPARAÐU 5.000



Paris-sólhlíf. Ø250cm stillanleg. Svört.
17.900 kr. Nú 12.900 kr. Fótur seldur sér.

**30%**
AF ALEXANDRIA



Alexandria-stóll með sessu.
B 58cm x H 88cm 37.900 kr. Nú 24.900 kr.

Summer-Hægindastóll
**Nú 17.900.**
SPARAÐU 7.000



Summer-hægindastóll. Bast. 24.900 kr. Nú 17.900 kr.

**40%**
AF ÖLLUM SESSUM



Square-sessa. 45 x 45 x 7 cm.
Fáanleg í 4 litum. 2.995 kr. Nú 1.795 kr.

Summer-Eldstæði
**Nú 11.900**
SPARAÐU 5.000



Summer-eldstæði. Svart með loki.
Ø75 cm. 16.900 kr. Nú 11.900 kr.

**40%**
AF QUEENSLAND



Queensland-hægindastóll. Natur/svart
24.900 kr. Nú 14.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

WWW.ILVA.IS

# 25-40% AF ÖLLUM SUMARVÖRUM

Blossom-3 borð í setti
**Nú 9.900**
SPARAÐU 7.000



Blossom-sófaborð 3 í setti. Borðplata úr akasíuvið, málmfætur. 16.900 kr. Nú 9.900 kr.

*30%* AF TORONTO



Toronto-hornsófi. Bast. Sessur fylgja. L 263 x H 86 x B/D 204 cm 299.900 kr. Nú 199.900 kr.

NEXØ-borð
**Nú 47.900**
SPARAÐU 32.000



NEXØ-borð. Grá steypuplata með svörtum álfótum. 90 x 200 cm. 79.900 kr. Nú 47.900 kr.
Copenhagen-stóll. Svört plastseta með svörtum vírfótum. 19.900 kr. Nú 14.900 kr.

*60%* AF CHIOS



Chios-legubekkur. Armur til vinstri. 79.900 kr. Nú 29.900 kr.

Copenhagen-stóll
**Nú 14.900**
SPARAÐU 5.000



Copenhagen-stóll. 4 litir með viðarfótum, 3 litir með vírfótum. 19.900 kr. Nú 14.900 kr.

San Antonio-borð
**Nú 74.900**
SPARAÐU 25.000



Botanic-stóll
**Nú 14.900**
SPARAÐU 10.000

San Antonio-borð. 90 x 200 cm. 99.900 kr. Nú 74.900 kr. Botanic-stóll. Hvítur eða drapplitaður. 24.900 kr. Nú 14.900 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

## Þrumur og eldingar á fyrsta keppnisdegi Valdísar Þóru á risamóti



**Í erfiðri stöðu** Valdís Þóra Jónsdóttir hóf leik á sínu fyrsta risamóti í golfi (Opna bandaríska) í gær. Keppni var frestað vegna þrumuveðurs þegar Valdís var á áttundu holu og var ekki farin aftur af stað þegar blaðið fór í prentun. Valdís var þá á sex höggum yfir pari. MYND/SIGURÐUR ELVAR/GOLF.IS

# Meira hvatning en pressa

**Fanndís Friðriksdóttir er á leiðinni á sitt þriðja EM. Hún var aðeins nítján ára þegar hún var fyrst með á EM í Finnlandi fyrir átta árum og segir hlutverk sitt í liðinu hafa breyst mikið síðan. „Ég hefði alveg verið til í að hafa svona sýnilegar fyrirmyndir þegar ég var lítil,“ segir Fanndís um alla athyglina sem stelpurnar fá.**

**FÓTBOLTI** Það mátti sjá spenninginn í augunum á stelpunum okkar í gær þegar þær voru að undirbúa sig fyrir síðustu æfinguna á Íslandi áður en þær fljúga til Hollands í dag. Þær hafa haft í mörgu að snúast síðustu tvær vikur og núna bíður bara rútuferð í Leifsstöð eftir hádegi í dag.

„Ég finn það að við erum allar hundrað prósent tilbúnar til að fara út núna og takast á við þetta verkefni,“ sagði Fanndís Friðriksdóttir fyrir æfingu liðsins í gær.

### Bara með tvo leiki á bakinu

Fanndís var frekar nýbúin að halda upp á nítján ára afmælið sitt og var aðeins með tvo landsleiki á bakinu þegar hún var valin í EM-hópinn fyrir fyrsta Evrópumót íslenska kvennalandsliðsins sumarið 2009. Fanndís kom inn á sem varamaður í tveimur leikjanna, þar á meðal í fyrsta leiknum á móti Frakklandi en frá þessu fyrsta móti hefur hlutverk hennar vaxið og nú er hún orðin einn af lykilmönnum íslenska liðsins.

„Á fyrsta mótinu var ég bara lítil og fékk að fara með. Kom bara inn á þegar lítið var eftir af leikjunum. Svo varð hlutverkið alltaf stærra og stærra,“ segir Fanndís. Hún byrjaði þrjá leiki á EM fyrir fjórum árum og var fastamaður í íslenska liðinu í undankeppninni. „Mér finnst hlutverk mitt alltaf vera að verða stærra og stærra. Núna finnst mér það vera orðið mjög stórt sem gerir þetta gríðarlega spennandi.“

Íslenska liðið hefur misst sterka leikmenn á síðustu misserum og sem dæmi um breytingarnar á þessum níu árum er Fanndís bara ein af sjö sem voru með liðinu á EM í Finnlandi í ágúst 2009.

„Það hefur þjappað okkur ennþá betur saman að missa þessa leikmenn út og ýtt undir að aðrir leikmenn stígi fram og þar á meðal er ég. Ég ætla gera það og veit ég þarf að gera það,“ segir Fanndís. Fyrsti leikur hennar á EM verður landsleikur númer 85.

„Ég er öðruvísi leikmaður í dag en ég var þá. Í dag er ég orðin ein af þeim sem eru næstum því komin með hundrað landsleiki. Síðast var ég bara þessi sem var með 20 leiki eins og margar. Í rauninni breytist hlutverkið ekki neitt inni á vellinum en það er öðruvísi litið á mann. Ég er samt reyndari og það er eitthvað sem hægt er að nýta sér,“ segir Fanndís. Hún fagnar því að allir fjölmiðlar vilji ná tali af þeim og það séu myndir af þeim úti um allt.

„Það er gaman að áhuginn sé svona mikill á okkur. Við finnum það og ætlum að nýta það sem styrkleika inn á þetta mót,“ segir Fanndís og hún vill ekki líta svo á að með allri athyglinni komi of mikil pressa.

### Góð pressa

„Við lítum á þetta sem góða pressu því við setjum pressu á okkur sjálfar,“ sagði Fanndís.

Íslenska liðið spilaði ekki vináttulandsleik á síðustu vikunum fyrir mótið en naut þess í staðinn að vera saman, bæði á æfingum sem og í ýmsu hópefli utan hans.

„Dagskráin hjá okkur er búin að vera eins fullkomin og það gerist. Við fáum að gista heima hjá okkur og svo komum við hérna, förum í meðferðir og borðum hádegismat saman. Stundum er æfing seinnipart dags eða jóga eða eitthvað svoleiðis. Það er allt fyrir okkur gert þannig að okkur líði sem best,“ segir Fanndís.

„Það kemur vel út að fara heim á kvöldin en það er heldur ekkert að því að vera saman á hóteli. Ég er með besta herbergisfélagann þannig að ég hef engar áhyggjur af því að það verði eitthvert vesen,“ segir Fanndís og þar er hún að tala um Hallberu Guðnýju Gísladóttur.



**Fanndís Friðriksdóttir á æfingu með íslenska liðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Það er gaman að áhuginn sé svona mikill á okkur. Við finnum það og ætlum að nýta það sem styrkleika.**
>
> Fanndís Friðriksdóttir

> **Fanndís er einn af sex leikmönnum EM-hópsins í dag sem spilaði mínútur á hinum tveimur Evrópumótum íslenska liðsins.**

### Metnaðarfull markmið

Stelpurnar eru óhræddar við að setja sér metnaðarfull markmið og segja frá þeim. Þær hafa sjálfar aukið með því væntingarnar til liðsins. Þær komust í átta liða úrslitin fyrir fjórum árum og stefna einnig hátt í ár. En eru þær ekkert hræddar við pressuna?

„Þetta er meira hvatning heldur en pressa. Það er bara gaman að það séu svona margir að taka þátt í þessu. Ég held að það kunni allir að meta það. Ég hefði alveg verið til í að hafa svona sýnilegar fyrirmyndir þegar ég var lítil, þetta er bara frábært,“ segir Fanndís að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Forkeppni Evrópudeildar**

**Valur - Domzale 1-2**

0-1 Jan Repas, 1-1 Sigurður Egill Lárusson, víti (36.), 1-2 Senijad Ibricic, víti (73.).

*Seinni leikurinn fer fram í Slóveníu 20. júlí.*

**Maccabi Tel Aviv- KR 3-1**

0-1 Pálmi Rafn Pálmason (58.), 1-1 Aaron Schoenfeld (66.), 2-1 Viðar Örn Kjartansson, 3-1 Omer Atzili (82.).

*Seinni leikurinn fer fram á Alvogen-vellinum 20. júlí.*

### ÞRÍR ÍSLENDINGAR Í ÚRSLIT



Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Breiðabliks, hefur náð sér af nárameiðslum og fer með íslenska kvennalandsliðinu til Hollands í dag. „Ég var ekki bjartsýn fyrstu fjóra til fimm dagana. Þá var mér mest illt en um leið og ég var farin að skokka þá fór ég að hugsa að þetta gæti nú gerst. Ég er síðan mjög bjartsýn núna,“ sagði Rakel í samtali við Fréttablaðið í gær. Thelma Björk Einarsdóttir æfði með íslenska liðinu vegna meiðsla Rakelar en nú er ljóst að hún fer með til Hollands og á sitt þriðja Evrópumót. Rakel, sem er 28 ára, hefur leikið 83 landsleiki og skorað fimm mörk.

### FÓR EKKI MEÐ Í ÆFINGAFERÐ



Gylfi Þór Sigurðsson var ekki með í för þegar enska úrvalsdeildarliðið Swansea City fór í æfingaferð til Bandaríkjanna í gær. Samkvæmt enskum fjölmiðlum kom þetta mjög skyndilega upp. Swansea gaf þá skýringu að Gylfi teldi sig ekki vera í réttu hugarástandi til að fara með í æfingaferðina vegna óvissunnar um framtíð hans hjá velska félaginu. Flest bendir til þess að Gylfi sé á förum frá Swansea, jafnvel þótt félagið hafi sett 50 milljóna punda verðmiða á hann. Gylfi hefur aðallega verið orðaður við Everton og Leicester City en líklegra þykir að íslenski landsliðsmaðurinn endi hjá fyrrnefnda félaginu.

### ÞRÍR ÍSLENDINGAR Í ÚRSLIT

Aníta Hinriksdóttir, Hilmar Örn Jónsson og Sindri Hrafn Guðmundsson tryggðu sér í gær sæti í úrslitum á EM U-23 ára í Póllandi. Aníta komst örugglega í úrslit í 800 metra hlaupi. Hún hljóp á 2:03,58 mínútum og var með besta tímann í undanúrslitunum. Aníta keppir í úrslitum klukkan 17:18 á morgun. Sleggjukastarinn Hilmar Örn Jónsson og spjótkastarinn Sindri Hrafn Guðmundsson komust einnig í úrslit í sínum greinum. Hilmar Örn kastaði lengst 68,09 metra og Sindri kastaði lengst 72,05 metra. Sindri keppir í úrslitum á morgun en úrslitin í sleggjukastinu fara fram í dag.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **18.00** | **US Women's Open** | Sport 4 |
| **18.20** | **Wigan - Liverpool** | Sport |
| **20.00** | **John Deere Classic** | Golfst. |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# SMASH STYLE

## ENGINN VENJULEGUR HAMBORGARI

GRILLVEISLAN BYRJAR Í BÓNUS



100% ÍSLENSKT ungnautakjöt

120g borgari+brauð
**295** kr/stk.







**119** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka

**398** kr. 2x100 g

**469** kr. 2x120 g

**549** kr. 2x140 g

**Smash Style Hamborgarar**
2 stk. í pakka, 100 g,120 g og 140 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Verð gildir til og með **16. júlí** eða meðan birgðir endast

# Á eftir að ákveða hvernig ég klára hann

**Það fór vel á með Gunnari Nelson og Santiago Ponzinibbio er þeir hittust í fyrsta skipti í gær. Gunnar segist aldrei hafa verið í betra formi og ætlar sér helst að klára Argentínumanninn fyrr frekar en síðar. Hann hefur aftur á móti lítið horft á bardaga Ponzinibbios.**

UFC



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**MMA** „Mér leist bara vel á hann og hélt hann væri aðeins stærri. Mér fannst hann vera með svolítið lítinn haus en það er kannski bara einhver vitleysa,“ sagði Gunnar Nelson léttur og hreinskilinn um sinn fyrsta hitting með Argentínumanninum Santiago Ponzinibbio sem hann berst við á sunnudag.

### Eins og rokkstjarna

Fjölmiðladagur UFC fyrir bardagakvöldið í Glasgow fór fram í gær og Gunnar var langvinsælasti viðmælandinn. Hann var reyndar nánast eins og rokkstjarna því blaðamenn kepptust við að taka svokallaðar bolamyndir með honum. Gunni gaf sér tíma í það með bros á vör. Í góðu andlegu jafnvægi og lék við hvurn sinn fingur.

Gunnar er í hrikalega góðu standi og þarf nánast ekkert að skera niður til þess að vera í réttri þyngd á morgun er hann þarf að stíga á vigtina. Það þakkar hann frábærum æfingabúðum.

### Nýi Mjölnir er bara klikkaður

„Ég hef aldrei verið betri og þessar æfingabúðir hafa verið hrikalega góðar. Það var betra að vera allan tímann heima núna í stað þess að fara til Dublin eins og ég geri oft. Þá er betri rútína með alla hluti. Mataræðið og æfingarnar. Ég er á stað þar sem ég er vanur að vera. Nýi Mjölnir er líka bara klikkaður og það er ekki neinn líkamsræktarsalur nálægt okkur sem er þetta góður,“ segir Gunnar en hann hefur oftast farið til Dublin og æft þar síðustu tvær til þrjár vikurnar fyrir bardaga.

> **Ég hef aldrei verið betri og þessar æfingabúðir hafa verið hrikalega góðar.**
>
> Gunnar Nelson

„Það var frábært að geta fengið stráka til þess að koma heim og æfa með mér og það fíla þetta allir. Þeim finnst gaman að ferðast og geggjað að æfa í nýja Mjölni. Það er líka þægilegt fyrir mig að vera heima því þá get ég verið meira með syni mínum.“

Þetta eru þriðju æfingabúðirnar í röð hjá Gunnari með nýjum áherslum í æfingunum og hann segir að það sé heldur betur að skila sér.

„Við breyttum uppsetningunni og þrekæfingunum. Ég er að fíla þetta vel og er að fá meiri og betri tilfinningu fyrir þessu. Það er skýrt hvernig þetta á að vera og það virkar. Þar af leiðandi hafa þetta verið mínar bestu æfingabúðir hingað til.“

Gunnar er ekki vanur því að spá of mikið í andstæðinga sína þó svo eðlilega kynni hann sér andstæðinginn aðeins.

> **Þetta verður tíundi UFC bardagi Gunnars Nelson en hann hefur fagnað sigri í sjö af hinum níu.**

„Ég hef aðeins séð hann berjast en eins og áður þá ætla ég að lesa hann aðeins fyrstu lotuna. Ég er búinn að sjá fyrir mér helling af mismunandi leiðum til þess að klára hann. Það verður svo að koma í ljós hvað verður fyrir valinu,“ segir Gunnar en hann er á leiðinni í fimm lotu bardaga í annað sinn á ferlinum og segist vera tilbúinn fyrir það.

### Ekki lulla eins og gömul dísilvél

„Við erum búnir að æfa vel fyrir það ef svo fer. Ég stefni samt aldrei á að fara með bardaga í dómaraúrskurð. Ég mun reyna að klára hann og í hverjum einasta bardaga vill maður sýna hvað maður getur og senda skilaboð út. Ekki bara lulla út allar loturnar eins og gömul dísilvél. Gera ekki neitt.“

Ef vel fer ætlar Gunnar ekki að vera með nein læti og öskra eftir einhverjum ákveðnum andstæðingi í kjölfarið. Það er þó alveg klárt að hann vill fá einhverja af toppgaurunum. Hann hefur talað um að berjast aftur við Demian Maia, sem hann tapaði fyrir, en sér það nú ekki gerast strax.

### Efast um að fá það tækifæri

„Það væri mjög skrítið ef ég fengi ekki einhvern af þessum efstu á listanum. Ég á nú ekki von á að fá Maia strax og sérstaklega ef hann verður heimsmeistari síðar í mánuðinum. Ég held því miður að það sé stutt í að Maia hætti en draumurinn er að fá að keppa aftur við hann þegar hann er með beltið. Það væri algjör draumur en ég efast um að ég fái tækifæri til þess. Ég held það sé það stutt eftir hjá honum,“ segir Gunnar en hann er enn spenntur fyrir því að fá að berjast við Stephen Thompson.

„Það væri frábært en það er hellingur af gæjum þarna. Thompson er aftur á móti eitthvað sem er í umræðunni en við sjáum hvað setur.“



Gunnar Nelson segist aldrei hafa verið betri eftir afar vel heppnaðar æfingabúðir. NORDICPHOTOS/GETTY



## Hef beðið eftir þessu tækifæri

Það var létt yfir Argentínumanninum Santiago Ponzinibbio á fjölmiðladeginum í Glasgow í gær. Hann brosti, var kurteis og bauð af sér góðan þokka.

„Það er æðislegt að vera hérna. Mjög fallegt. Í gær fór ég að skoða Edinborg og bara vá, maður,“ sagði Argentínumaðurinn heillaður en hann er að koma til Evrópu í fyrsta skipti á ævinni. Hann ætlar að vera hérna áfram fram í miðja næstu viku.

„Ég er þakklátur fyrir þetta tækifæri sem ég fæ hérna og mér líður vel. Ég er búinn að vinna fjóra bardaga í röð og er meira en tilbúinn. Ég hef beðið eftir þessu tækifæri. Þetta verður erfiður bardagi enda Gunnar einn af þeim bestu í heiminum. Ég tel mig aftur á móti vera besta bardagamann heims. Hér er ég kominn í réttan styrkleika og er alltaf tilbúinn í stríð.“




Gunnar Nelson og Santiago Ponzinibbio stilla sér upp. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 14. JÚLÍ 2017



Valið á brúðarklæðnaði er alltaf höfuðverkur, sumar vilja klassíska kjóla meðan aðrar fara í hina áttina. Vefrit Vogue valdi nýverið þá kjóla úr haust- og vetrarlínum heimsfrægra hönnuða sem þóttu skera sig úr fyrir frumleika.

lífsstíll →4









Halla Kristín er safnari og hönnuður sem elskar bækur svo Bækur á bakvið var fullkominn lendingarstaður eftir flakk undanfarinna ára. MYND/ANTON BRINK

# Safnarinn snýr aftur

## Heimakæri safnarinn Halla Kristín Hannesdóttir elti ástina til Ástralíu en nú er hún komin heim og rekur ásamt Steinunni Önnudóttur bókabúðina Bækur á bakvið. →2

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Framhald af forsíðu ➭

Ég bý núna á bernskuheimilinu mínu með manninum mínum Brendan Hough og dóttur okkar Heklu Sóllilju, sex mánaða. Ég flutti þaðan fyrst sex ára til Belgíu í fimm ár og svo í aðra íbúð með foreldrum og systkinum. Tvítug flutti ég aftur á bernskuheimilið sem er í eigu fjölskyldunnar. Þaðan elti ég ástina til Ástralíu og bjó þar í fimm ár og síðan lá leiðin til Ungverjalands. Ég er samt í grunninn heimakær og hef alltaf helst viljað vera bara heima hjá mér."

Halla var ekki á leiðinni neitt þegar hún kynntist ástralska lögfræðinemanum Brendan sem var í skiptinámi í HÍ enda lá nærri að þau færust á mis. Sameiginleg vinkona reyndi mikið að koma þeim á stefnumót. „En við höfðum hvorugt neina trú á blindum stefnumótum og vorum mjög treg í taumi. Eitt örlagaríkt kvöld hittumst við svo öll þrjú á Kaffibarnum, hún dreif í að kynna okkur og síðan höfum við verið saman."

En ekki alltaf á sama stað. „Hann var á leiðinni aftur heim til Ástralíu um haustið og ég var nýkomin inn í þriggja ára nám í vöruhönnun í LHÍ. En við fundum fljótlega að þetta samband skipti okkur máli svo við tók þriggja ára fjarsamband. Ég hef stundum sagt að við höfum ekki séð sólina hvort fyrir öðru því hann kom alltaf hingað í sumarfríinu sínu í Ástralíu en þá var hávetur hér og ég fór svo út í mínu sumarfríi þegar var vetur hjá honum og yfirleitt rigning. Við reyndum að láta ekki líða meira en þrjá mánuði á milli þess sem við hittumst en það var auðvitað bæði dýrt og flókið. Það er varla hægt að vera lengra frá kærastanum sínum og ferðalagið tekur yfirleitt svona 30 klukkutíma svo það var ekkert hægt að skreppa neitt. En þetta hafðist. Á þrjóskunni."

## Heilluð af söfnurum

Milli Ástralíuferða stundaði Halla Kristín námið í Listaháskólanum þar sem lokaverkefnið hennar var innblásið af áhuga hennar á söfnum og söfnurum. „Ég er svo heilluð af fólki sem safnar hlutum, kannski af því ég er safnari sjálf. Söfnun var því útgangspunkturinn í verkefninu og svo áttum við að hanna húsgagn. Ég endaði í pælingum um að safnarinn sé að safna sjálfum sér saman með hlutunum sínum svo ég bjó til stól sem er á fimm hæðum svo sessurnar mynda hillur og pælingin var sú að maður gæti raðað hlutunum sínum í hillurnar og sameinast safninu með því að setjast efst." Áhugasvið hennar liggur mest í því hvernig hlutir hafa áhrif á fólk og líf. „Þegar ég kem í heimsókn til ömmu minnar til dæmis þá endum við alltaf á því að tala um hlutina hennar. Það lendir ekkert óvart uppi í hillu heldur er alltaf einhver tenging við minnisstæðar stundir og atvik, eða fólk. Ég kannaði þetta betur í mastersnáminu mínu í Ástralíu, hvernig hluturinn verður eins konar áþreifanlegt hlið inn í minninguna, sönnun fyrir því að eitthvað hafi átt sér stað, að einhver hafi lifað og skipt mann máli."



Að safna sjálfum sér, Halla Kristín Hannesdóttir 2010.

> „Það var ekki nóg fyrir mig að opna bókakassana því nokkrum mánuðum eftir að ég kom heim, og tveimur vikum áður en dóttir mín fæddist, opnuðum við Steinunn bókabúð!

Þegar Halla Kristín hafði lokið náminu flutti hún til Ástralíu. „Tilfinningarnar voru blendnar, ég hlakkaði til að flytja, þótti orðið vænt bæði um Ástralíu og fólkið sem ég hafði kynnst þar en vissi að ég myndi sakna allra hérna heima. En okkur leið vel í Ástralíu, ég fór í mastersnám, Brendan var í starfi sem honum fannst mjög spennandi sem rannsakandi hjá Alríkislögreglunni og allt í einu vorum við búin að vera þar í fimm ár og einhvern veginn ekkert á leiðinni heim." Og þá fór heimþráin að gera vart við sig. „Ég vissi reyndar frá byrjun að ég myndi ekki endast þarna endalaust, svona langt frá öllum." Þau fluttu því heim í fyrrasumar með allt sitt hafurtask, með viðkomu í Kantaraborg og Búdapest þar sem Brendan er í doktorsnámi.

Það liggur beint við að spyrja hvernig það leggst í safnara að vera alltaf að flytja. „Það er bara mjög erfitt," viðurkennir hún. „Það eru svona ákveðnir hlutir sem ég vil hafa hjá mér sem mér finnst gera heimilið að heimili en svo hef ég líka sankað að mér hlutum sem ég sé fyrir mér að muni einhvern tíma verða innblástur að verkum. Það eina sem hefur fylgt mér í öllum flutningunum, frá því ég var sex ára, er lítil bleik tuskukanína. Kanínan er með langar hendur sem voru tengdar saman með frönskum rennilás og upphaflega var hún með aðra kanínu, aðeins minni og gráa, í fanginu. Þegar ég flutti til Brussel þegar ég var sex ára þá skildi ég litlu kanínuna eftir hjá langömmu minni, eins og tryggðapant, og þessi kanína varð svona faðmurinn heim og er enn. Ég á líka mikið af litlum boxum með kannski einum límmiða sem talar eitthvað til mín eða gulum plasthesti af lyklakippu, alls konar eitthvað sem ég finn að verður einhvern tíma að einhverju."



Halla Kristín og Brendan snæða dögurð í gróðursældinni í Ástralíu.



Bækur á bakvið hafa til sölu bækur sem er ekki síður gaman að handfjatla en skoða og lesa.

## Úr bókakassa í bókabúð

Eitt af því fyrsta sem Halla Kristín gerði þegar hún kom heim var að frelsa bækurnar sínar. „Ég tók þær ekki með til Ástralíu og það var dásamlegt að opna kassana og leyfa þeim að anda aftur. Og það var ekki nóg fyrir mig að opna bókakassana því nokkrum mánuðum eftir að ég kom heim, og tveimur vikum áður en dóttir mín fæddist, opnuðum við Steinunn bókabúð!" Bækur á bakvið er til húsa á Freyjugötu eitt, í bakrými sýningarrýmis Harbinger en meðeigandi Höllu í bókabúðinni, Steinunn Önnudóttir, er einmitt annar eigandi Harbinger. „Eitt það skemmtilegasta sem við Brendan gerum þegar við ferðumst er að finna litlar og sérstakar bókabúðir og við erum sammála um að það sé alltaf í lagi að eyða í bók. Ég held að það hafi ekki hvarflað að mér samt að þessi bókabúðaáhugi myndi blómstra og þróast. En það er allt henni Steinunni að þakka. Við kynntumst í menntaskóla og deilum áhuga á fallegum og óvenjulegum bókum. Í fyrra, eftir að hafa rekið Harbinger í tvö ár ásamt manninum sínum, datt henni í hug að nota bakrýmið undir bókabúð. Ég var alltaf að hvetja hana áfram og við skiptumst á hugmyndum að bókum sem væri gaman að hafa í búðinni, upplýsingum um skemmtilega útgefendur og svo framvegis. Svo þegar hún frétti að ég væri að koma heim tók hún ekki annað í mál en að við myndum láta búðina verða að veruleika saman. Það var frábært að koma heim og geta gengið beint inn í svona verkefni." Í Bókum á bakvið má aðallega finna myndlistar- og hönnunarbækur frá sjálfstæðum útgefendum, innlendum og erlendum, og mestmegnis sjónrænar bækur „Við erum með bækur í takmörkuðu upplagi, númeruð eintök og bara alls konar bækur sem eru skemmtilegar og öðruvísi." Bækur á bakvið var opnuð í desember og eigendunum finnst kominn tími á næsta skref. „Við ætlum að gefa út okkar fyrstu bók 22. júlí með verkum eftir myndlistarmenn sem taka þátt í sýningunni sem lýkur þá helgi í Harbinger og svo ætlum við að hefja seríu í haust og höfum fengið nokkra frábæra listamenn í samstarf við okkur," segir Halla Kristín og hlakkar greinilega til.



Einn á móti átján, sýning í Spark 2015. Sýningin var opnuð með tómu dúkkuhúsi sem var flutt inn í smám saman. Margir safna einmitt dúkkuhúsum og -húsgögnum og smámunum inn í þau. Auður Ösp Guðmundsdóttir og Halla Kristín Hannesdóttir.

MYND/VIGFÚS BIRGISSON

## Kassarnir verða hér

Halla Kristín er komin heim. „Við erum búin að ákveða að hér verður fastinn, að minnsta kosti á næstunni, og það er mjög góð tilfinning og mikil ró í því að vera komin heim með alla kassana og allt dótið. Vonandi fáum við tækifæri til að dvelja um einhvern tíma í Ástralíu í framtíðinni til að dóttir okkar geti kynnst fjölskyldunni sinni þar en kassarnir verða hér áfram, hillurnar og litla bleika kanínan með opinn faðminn."



# Verslunarstjóri



Við leitum að framúrskarandi og árangursdrifnum stjórnanda!

**Hefur þú...**

Metnað, eldmóð og ert fylgin þér?

Afburða þjónustulund og samskiptahæfileika?

Einstaka söluhæfileika og næmt auga fyrir nýjum viðskiptatækifærum?

Brennandi áhuga á tísku og útstillingum?

Lipurð í að takast á við áskoranir?

**Hlutverk þitt...**

Að vera leiðtogi í hópi starfsmanna og hvetjandi fyrirmynd

Að tryggja hátt þjónustustig og faglega þekkingu starfsfólks

Að hámarka sölutækifæri

Þjálfun og starfsmannastjórnun

Að hafa yfirumsjón með útstillingum

Aðkoma að markaðsmálum, m.a. á samfélagsmiðlum

**Umsóknir, ferilskrá og frekari upplýsingar:** hjahrafnhildi@hjahrafnhildi.is

hjá Hafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Óhefðbundnar brúðir

**Júlí er tími brúðkaupa og prúðbúinna brúðhjóna. Valið á brúðarklæðnaði er alltaf höfuðverkur, sumar vilja klassíska kjóla meðan aðrar fara í hina áttina. Vefrit Vogue valdi nýverið þá kjóla úr haust- og vetrarlínum heimsfrægra hönnuða sem þóttu skera sig úr fyrir frumleika.**



Giorgio Armani Prive



Glæsilegur brúðarkjóll frá Chanel.





» Vefrit Vogue valdi nýverið þá kjóla úr haust- og vetrarlínum heimsfrægra hönnuða sem þóttu skera sig úr fyrir frumleika.



Iris Van Herpen



Jean Paul Gaultier



Ralph & Russo



Giambattista Valli



Yumi Katsura

# Þjóðhátíð

FÖSTUDAGUR 14. JÚLÍ 2017





# Óður til náttúrunnar

## Ragnhildur Gísladóttir er höfundur Þjóðhátíðarlagsins í ár sem nefnist Sjáumst þar. Hún er fyrsta konan sem semur Þjóðhátíðarlag.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Ragnhildur segir að Þjóðhátíðarnefnd hafi haft samband við hana í lok janúar og boðið henni að semja Þjóðhátíðarlagið 2017. „Það gladdi mig óumræðilega mikið og ég sagði auðvitað strax jahá! Takk fyrir kæra Þjóðhátíðarnefnd," segir hún. „Það er alveg pressa að gera svona lag og maður vill auðvitað að sem flestir fái það á heilann og vilji syngja það, og þá aðallega í brekkunni, er það ekki draumurinn? Ég lagði mig fram um að hafa lagið lagrænt, jákvætt, létt og auðlært."

Þegar Ragnhildur er spurð hvort hún hafi haft sérstakan markhóp í huga þegar hún samdi lagið, svarar hún því neitandi. „Hvorki markhóp, kyn né aldur. Ég er mjög sátt við hvernig til tókst. Þeir Unnsteinn Manuel og bróðir hans, Logi Pedro, tóku lagið upp og við útsettum það saman. Þeir eru æði og mikil yndi, þessir bræður. Auðunn Lúthersson eða Auður eins og hann er kallaður spilaði á kassagítarinn og söng bakraddir með okkur Unnsteini, Dísu og Aronmola. Hinn mikli fagmaður Styrmir Hauksson hljóðblandaði svo lagið. Lagið er „nú-til-dags" í útfærslu og frekar áreynslulaust.

Textinn er mjög mikilvægur og þar sem ég hef frekar litla reynslu í íslenskri textasmíð var ég svo heppin að fá Braga Valdimar Skúlason til liðs við mig. Við vorum sammála um að hafa textann fallegan, sönghæfan og jákvæðan. Hann fjallar um það að búa á eldfjalli og passar því við Heimaey og auðvitað Ísland allt. Er ekki Ísland stærsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum? Einhver sagði mér það um daginn. Þessi fallegi texti er óður til náttúrunnar og hins sterka afls sem hún geymir með fegurð sinni og dulúð. Við að búa á eldfjalli eins og við Íslendingar gerum, getum við alltaf átt von á að hið óvænta gerist, eins og til dæmis eldgos. Eyjan er ung, fögur, dularfull, aðlaðandi og



Ragnhildur Gísladóttir er fyrsta konan til að semja Þjóðhátíðarlagið.

> **Þessi fallegi texti er óður til náttúrunnar og hins sterka afls sem hún geymir með fegurð sinni og dulúð.**
>
> Ragnhildur Gísladóttir

togar okkur til sín, alltaf aftur og aftur. Hún á sínar sögur með spurningum og líka svörum en þau fáum við ekki endilega alltaf. Eyjan er náttúran og fólkið sem við elskum og viljum vera með í milljón ár."

*Og hvernig hafa viðbrögðin verið?*

„Ég er alsæl með góðu viðbrögðin við laginu. Það er í fyrsta sæti vinsældalistans, er hægt að biðja um meira? Glimrandi viðtökur vægast sagt. Það er öllum mönnum ljóst að það er ekki hægt að semja lag svo öllum líki, og ég segi nú bara sem betur fer. Fólk segir mér alveg hvað því finnst, sumir segjast ekki hafa fattað lagið strax, öðrum hefur fundist það of „modern", eða ekki nógu mikil brekka í útsetningunni, vanti kannski meiri kassagítar en finnst lagið og textinn æði og séu byrjuð að pikka það á gítarinn og syngja með. Þetta er auðvitað málið," segir Ragnhildur sem hlakkar mikið til að spila og syngja lagið á Þjóðhátíð í Eyjum. „Ég verð í Dalnum á sviðinu kl. 22.00 á föstudagskvöldinu. Það er sjúklega spennandi að fá að taka þátt í þessari frábæru hátíð og ég hlakka mikið til að koma til Eyja."

Hún segist oft hafa farið á Þjóðhátíð, stundum sem gestur en oftast sem listamaður. „Ég vildi óska að allir fengju einhvern tíma á ævinni að sjá það sem við sjáum frá sviðinu, sem er brekkan, troðfull af fólki, syngjandi í besta gír í heimi. Svo eru það fallegu fjöllin og klettarnir sem halda utan um þetta allt saman, ólýsanlega flott."

Bragi Valdimar hefur ekki áður gert opinbert Þjóðhátíðarlag eða -texta. Hann minnir þó á að Baggalútur hafi gert sínar eigin útgáfur, til dæmis lagið Inni í Eyjum.

Hér að ofan er textinn svo allir geti sungið með laginu á Þjóðhátíð 2017.

### SJÁUMST ÞAR

*Þú veist að eyjan geymir ótal svör*
*og ívið fleiri spurningar.*
*Sögu hennar þekja ófá ör*
*sem ætíð munu hvíla þar.*

*Hún sorgir á, sem engir sjá*
*— óteljandi leyndarmál.*
*Undir niðri blundar öflug þrá*
*— ægifögur hyldjúp sál.*

*Hún logar.*
*Hún leitar aftur til mín.*
*Hún togar.*
*Hún tælir okkur til sín.*
*— teymir okkur til sín.*

*Við sjáumst þar.*
*Þið vitið hvar.*
*Við eldana til eilífðar.*

*Þó ég fengi með þér milljón ár*
*það myndi varla duga til.*
*Má ég eiga með þér öll þín tár*
*— það er það eina sem ég vil.*

*Þú kraumar.*
*Þú kallar þögul á mig.*
*Draumar*
*í dögun minna á þig.*
*— þeir minna alltaf á þig.*

*Við sjáumst þar.*
*Þið vitið hvar.*
*Við eldana til eilífðar.*

# Hás í brekkusöngnum

Ingólfur Þórarinsson, Ingó Veðurguð, sér um brekkusönginn á Þjóðhátíðinni í Eyjum í ár líkt og síðastliðin ár. Hann hefur farið á hátíðina oftar en hann getur talið. „Amma og afi búa í Eyjum og pabbi er þaðan. Ég hef líklega farið nokkrum sinnum á hátíðina sem krakki og síðan á hverju einasta ári frá því ég var sextán ára," rifjar Ingó upp en síðustu níu árin hefur hann farið þangað sem skemmtikraftur og honum er fyrsta skiptið minnisstætt.

„Þegar ég mætti á mína fyrstu Þjóðhátíð sem skemmtikraftur árið 2009 vorum við Veðurguðirnir nýbúnir að gefa út plötu og ég hélt að ég væri aðalkarlinn og fengi alvöru aðstöðu baksviðs. Þá sá ég að þarna voru tvö herbergi fyrir artista. Mér til undrunar var annað þeirra fyrir Pál Óskar og öll dressin hans og hitt fyrir hinar sex hljómsveitirnar sem voru að skemmta það kvöld. Frekar mikill bömmer," segir hann og hlær.



Ingó leiðir brekkusönginn í Eyjum.

En er mikill munur á að skemmta eða vera gestur á hátíðinni? „Það ætti líklega að vera meiri munur en ég enda einhvern veginn alltaf í hvítu tjöldunum að spila fram á nótt. Ég þyrfti kannski að draga úr því enda hefur komið fyrir að ég er næstum orðinn raddlaus þegar kemur að brekkusöngnum," segir hann glettinn.

Ingó segir Þjóðhátíð skera sig úr öðrum hátíðum og spili þar gleðin stærsta rullu. „Það er einhver ofurgleði í gangi. Hingað koma allir ofurpeppaðir og yfirspenntir að hafa gaman."

Ingó er þekktur fyrir að kunna nánast öll dægurlög á gítar. Hann segist yfirleitt vera beðinn um að spila klassísk íslensk dægurlög á hátíðinni auk Þjóðhátíðarlaganna. En á hann uppáhaldslag til að spila í Eyjum? „Já. Uppáhaldslagið mitt er Þjóðhátíðarlagið Í brekkunni eftir Bjartmar Guðlaugsson og Jón Ólafsson."

Ingó segist aldrei hafa gist í tjaldi á hátíðinni. „Ég hef verið í góðu yfirlæti hjá ömmu og afa og stundum á hóteli. En kannski þyrfti maður að prófa það svona einu sinni."

# Skála fyrir ástinni

DJ Sura, eða Þura Stína Kristleifsdóttir, grafískur hönnuður og plötusnúður, hefur farið 26 sinnum á Þjóðhátíð. Hún mætti þangað fyrst aðeins átta mánaða gömul og hefur farið á hverju ári síðan fyrir utan eitt skipti þegar hún var 15 ára.

> **Amma mín og afi kynntust á föstudeginum á Þjóðhátíð.**

„Þegar ég hugsa um Þjóðhátíð hugsa ég alltaf bara um endalausa ást. Amma mín og afi kynntust á föstudeginum á Þjóðhátíð. Afi minn er úr Vesturbænum og fór til Eyja 18 ára og sá ljóshærða stelpu í Dalnum sem heitir Þura Stína, þau urðu ástfangin og eru enn saman. Þau eru mestu fyrirmyndirnar mínar í lífinu og allar Þjóðhátíðir byrja á setningunni niðri í Dal. Þar eru allir í sínum fínustu fötum, hittast í tjaldinu okkar í Týsgötu og fá sér kökur. Um kvöldið er síðan matarboð hjá ömmu og afa, þar byrjar Þjóðhátíð og við skálum fyrir þeim og ástinni.



Þura Stína með bróður sínum á Þjóðhátíð.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is




## VINNUR ÞÚ AFNOT AF FIAT 500 Í HEILT ÁR?

Farðu inn á **appelsin.is** og sláðu inn lukkunúmerið þitt.
Fjölmargir flottir aukavinningar í boði.

ÞÚ SÉRÐ STRAX HVORT ÞÚ HAFIR UNNIÐ!




FIAT

# Ekki vera í of fínum fötum

Andrea og Haukur fóru fyrst á Þjóðhátíð þegar þau voru tveggja mánaða og sex vikna en í dag eru þau tólf og fjórtán ára. Þau hafa farið oft síðan enda búa afi þeirra og amma í Vestmannaeyjum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



**Hvað er skemmtilegt að gera á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?**
**Haukur:** Það er gaman að syngja og flugeldasýningin og svona.

**Andrea:** Það er bara mjög mikið stuð. Mér finnst skemmtilegast að hlaupa upp og niður brekkuna með vinkonu minni í brekkusöngnum.

**Eruð þið í tjaldi?**
**Haukur:** Amma okkar og afi búa í Vestmannaeyjum og frænka okkar og frændi líka. Við erum hjá þeim en höfum líka stundum leigt íbúð. En á daginn og fram á kvöld erum við í hvíta tjaldinu hjá afa og ömmu.

**Andrea:** Það eru mörg hvít tjöld og götur á milli. Við erum oftast í götunni Skvísusundi. Það eru bekkir inni í tjöldunum og fólk er þar að tala saman. Og þegar maður er svangur fer maður inn í tjaldið og fær sér að borða. Ég held að það sé matur í öllum tjöldunum en þú færð ekki að borða þar nema þú þekkir einhvern.

**Eru afi ykkar og amma með einhvern sérstakan mat í sínu tjaldi?**
**Andrea:** Það er alltaf skinkusalat, möffins, flatkökur og samlokur og svo sýrópslengjur sem amma okkar gerir. Og svo er líka besta marensterta í heimi sem amma býr alltaf til á afmælinu okkar.

**Er eitthvað fyrir krakka að gera yfir daginn?**
**Andrea:** Já, fullt. Það er dagskrá fyrir krakka og þar er brúðuleikhús, stundum er Páll Óskar eða Friðrik Dór.

**Haukur:** Og söngvakeppni og kassabílakeppni.

**Andrea:** Svo er fullt af rólum þarna, aparóla og alls konar leiktæki.

**Er eitthvað sem þið munið sérstaklega vel eftir?**
**Andrea:** Einu sinni hrökk ofan í mig snuddusleikjó á Þjóðhátíð. Hann brotnaði og festist í hálsinum á mér. Mömmu brá svo mikið að hún hoppaði jafnfætis upp á bekk! Ég hef samt alveg fengið mér svoleiðis aftur en mamma og pabbi eru ekkert mjög hrifin af því.

**Haukur:** Ég man þegar brennan sprakk. Það kviknaði ekki í fyrst því það var búið að setja allt of mikið af olíu og hún hafði þornað. Og svo þegar kyndlunum var hent í brennuna gerðist ekkert í smástund og svo allt í einu var sprenging og öll brennan stóð í ljósum logum.



Hér má sjá Andreu og Hauk ásamt foreldrum sínum, Ester Ottesen og Birgi Ólafssyni, í góðu veðri á Þjóðhátíðinni í fyrra.



Andrea er tólf ára og Haukur er fjórtán. Þau hafa bæði farið á Þjóðhátíð frá blautu barnsbeini og finnst alltaf jafn gaman.

Yfirleitt brennur hún hægt.

**Andrea:** Svo var líka maður sem var að spúa eldi og það kviknaði í munninum á honum. Það gerist alltaf eitthvað á Þjóðhátíð.

**En hvað finnst ykkur skemmtilegasta þjóðhátíðarlagið:**
**Andrea:** Þar sem hjartað slær.

Haukur: Lagið með Steinda.

**Þarf að klæða sig á einhvern sérstakan hátt á Þjóðhátíð?**
**Andrea:** Það þarf að vera í hlýjum fötum, best að klæða sig vel. Ef það er heitt er bara hægt að fara úr peysunni.

**Haukur:** Og mikilvægt að vera í buxum sem þér er sama um að verði blautar og drullugar.

**Andrea:** Einmitt. Til dæmis ef maður rennur niður brekkuna mæli ég ekki með að vera í hvítum buxum.






# ALVÖRU BRAGÐ

ENGINN SYKUR

pepsi MAX®

# Hátíðarhöld í 143 ár

**Á vefsíðunni Heimaslóð má finna ýmsan fróðleik um Þjóðhátíð fyrr og nú.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



### Veisluhöld í Herjólfsdal

Fyrstu hátíðarhöldin í Herjólfsdal hafa verið á 19. öld, en Pétur Bryde kaupmaður bauð starfsfólki sínu þangað árlega. Árið 1859 kostaði svona veisla um 46 ríkisdali, en árslaun verslunarstjórans voru um 250 ríkisdalir. Sama ár kostaði Pétur Bryde endurnýjun vegarins niður í Herjólfsdal en hann hafði þá í nokkur ár rekið garð að nafni Þórulundur í dalnum, sem var nefndur eftir konu hans.



Handan hinna skipulögðu hvítu tjaldbúða heimamanna eru óreglulegri marglit tjöld gestanna. Mynd frá upphafi níunda áratugarins.

### Hvítu tjöldin

Mest áberandi siðurinn, þegar litið er yfir dalinn, er sá að raða upp hvítum hústjöldum í götur. Fyrsta hústjaldið virðist hafa risið árið 1908, en þá var sælgæti og gos selt í fyrsta sinn. Á fyrstu Þjóðhátíðunum var hústjöldunum ekki raðað eftir neinu sérstöku skipulagi, þó svo að tjaldformið virðist hafa haldið sér frá upphafi. Helsti munurinn þá og nú er sá að ekki voru notaðar járn- eða trégrindur í upphafi, heldur var eingöngu ein tréstöng í hverju horni, og svo snærisbönd sem héldu tjaldinu strekktu. Tilkoma grindanna hefur gert það að verkum að ekkert pláss fer til spillis undir snærisböndin, þannig að hægt er að raða hústjöldunum mun þéttar en áður. Göturnar hafa sömu nöfn ár hvert, nöfn eins og Sjómannasund, Sigurbraut, Lundaholur og Ástarbraut.






Árið 1986 sveif þessi forláta kolkrabbi yfir tjörninni.

### Brúin yfir tjörnina

**Lengi framan af skiptust íþróttafélögin Þór og Týr á að halda Þjóðhátíðina og kepptust við að gera betur en árið á undan, með stærri flugeldasýningum, veglegri brennu og svo framvegis. Við sameiningu félaganna 1996 var það besta tekið úr hefðum hvors félagsins um sig, til dæmis voru bæði félögin vön því að reisa brú yfir tjörnina. Brú Þórs var beinni, hærri og ögn breiðari, en brú Týs var lægri og á henni miðri var stór pallur þar sem fólk mælti sér oft mót. Týsbrúin þótti að mörgu leyti betri, og töluvert rómantískari fundarstaður, þannig að hún hefur verið notuð frá því að sameiningin varð. Sumum þykir missir að þeim samkeppnisanda sem ríkti er Þór og Týr kepptust um að halda bestu hátíðina.**



Rjómablíða og útsýnið engu líkt á Þjóðhátíð í upphafi níunda áratugarins.
MYND/BRYNJÚLFUR JÓNATANSSON

### Veðurfar

Meðalhiti á Stórhöfða yfir daga Þjóðhátíðar á árunum 1974 til 1991 var 9,9°C (9,8°C á föstudeginum, 10,4°C á laugardeginum og 9,7°C á sunnudeginum). Meðalhiti í Herjólfsdal getur hæglega verið 3°C hærri en á Stórhöfða. Nokkrum sinnum hefur það komið fyrir að miklir vindar hafa gert nokkurn usla á tjöldum og rigningar kælt og bleytt margar þúsundir manna, sem láta það þó yfirleitt lítið á sig fá. Á þjóðhátíð 2002 varð veður svo vont að hátíðargestir leituðu skjóls í heimahúsum og íþróttamiðstöðinni á meðan tjöld þeirra fuku í stórum stíl, ef rigningarnar héldu þeim ekki niðri. Þó koma inn á milli sæluveður – árið 2003 var sérlega minnisstætt vegna góðviðris, og eins árið 1977.

Tölfræðin sýnir að það skiptast mjög á skin og skúrir á Þjóðhátíð í Eyjum, en það hefur sýnt sig að ef engin rigning er á laugardagskvöldinu, þá er engin úrkoma yfir sunnudaginn heldur.



Hvítu tjaldbúðirnar eru afar merkingarbærar fyrir Þjóðhátíðarvitundina og heita alltaf sömu nöfnum. Hér getur að líta Ástarbraut frá því um miðbik síðustu aldar.

### Þjóðhátíðarlagið

**Á hverju ári er sérstakt lag samið til þess að vera einkennislag Þjóðhátíðarinnar það árið. Þessi hefð hefur haldist frá árinu 1933. Oddgeir Kristjánsson samdi lögin fyrstu áratugina en eftir fráfall hans hafa margir komið að því að semja lögin. Yfirleitt sýnist sitt hverjum um lögin þegar þau eru frumflutt nokkrum vikum fyrir hátíðina en eftir hátíð er yfirleitt almenn ánægja með Þjóðhátíðarlag ársins.**



1972 virðist Þór hafa séð um hátíðina sem sést á hamrinum á þjóðhátíðarhliðinu.

> **Það hefur sýnt sig að ef engin rigning er á laugardagskvöldinu, þá er engin úrkoma yfir sunnudaginn heldur.**

### Fyrsta Þjóðhátíðin

Fyrsta Þjóðhátíðin var haldin sunnudaginn 2. ágúst árið 1874 í Herjólfsdal. Þá voru hátíðarhöld uppi á landi til að minnast 1.000 ára afmælis Íslandsbyggðar en vegna veðurs komust Vestmannaeyingar ekki til að taka þátt. Í staðinn mættu 400 Vestmannaeyingar í dalinn um hádegisbilið, reistu tjöld við suðurhlið tjarnarinnar og hlóðu veisluborð úr torfi og grjóti vestan við tjaldbúðirnar sem voru prýdd fánum og borðum. Eftir þessa Þjóðhátíð var hún haldin nokkrum sinnum í viðbót, en þá yfirleitt um miðjan ágúst. Árið 1901 hafði hátíðin fest sig í sessi og síðan hefur hún verið haldin nánast óslitið.



Hliðið inn á Þjóðhátíðarsvæðið markar upphaf gleðinnar fyrir suma. Hér er hliðið frá 1950.

### Eftir gosið

Eftir Heimaeyjargosið 1973 var mikill vikur og gjall í Herjólfsdal, sem gerði dalinn lítt vænlegan til hátíðarhalda. Þjóðhátíðin 1973 var eingöngu eitt kvöld. Á Breiðabakka var útbúið lítið svið og danspallur. Smávægilegur bálköstur var hlaðinn og þeir sem voru í Vestmannaeyjum, nánast eingöngu hreinsunarfólk, mættu. Sökum þess að hreinsunaraðgerðir bæjarins beindust fyrst og fremst að íbúðarsvæðum sat Herjólfsdalur á hakanum um þó nokkra stund. Ákveðið var sökum þess að flytja hátíðarhöld Þjóðhátíðar suður á Breiðabakka í nokkur ár. Árið 1976 var Herjólfsdalur hreinsaður og tyrfður, sem var mjög mikið verk sökum þess hversu mikið svæði var um að ræða og árið eftir var fyrsta hátíðin haldin í dalnum eftir gos.


CINTAMANI
dress code eyjar 2017
demba regnkápa + skúr regnjakki / 19.900kr
snapchat/cintamani.is + facebook/cintamani.iceland + instagram/cintamani_iceland
bankastræti + kringlan + smáralind + austurhraun + akureyri + www.cintamani.is

# Mottóið að lúkka vel

Melkorka Ýrr Yrsudóttir er með á hreinu hvaða föt á að taka með á Þjóðhátíð. Stígvél og regnslá eru þar efst á lista.

„Það er nauðsynlegt að vera við öllu búinn í íslenskri veðráttu og því myndi ég taka há Hunter-stígvél og flotta, létta regnslá með til Vestmannaeyja. Þægindin verða líka að vera í fyrirrúmi því flestir eru að djamma frá morgni til kvölds. Hettupeysur, t.d. frá Champion, koma þar sterkt inn,“ segir Melkorka Ýrr sem er mörgum að góðu kunn fyrir skemmtileg skrif á tískublogginu trendnet.is.

Melkorka Ýrr segist minnst spá í hvernig buxum hún klæðist en segir mikilvægt að hafa hlýtt föðurland með í farteskinu. „Það sést ekki í gegnum önnur föt og er nauðsynlegt svo manni verði ekki kalt.“

**Það er nauðsynlegt að vera við öllu búinn í íslenskri veðráttu og því myndi ég taka há Hunter-stígvél og flotta, létta regnslá með til Vestmannaeyja.**



Melkorka Ýrr segir mikilvægt að láta sér ekki verða kalt á Þjóðhátíð.

Hún bendir á að það sé líka hentugt að taka góða gönguskó með, eða skó sem þola vel bleytu. „Mottóið mitt er að vera skynsamur en lúkka samt vel. Þess vegna er mikilvægt að taka með hlý föt og forðast að láta sér verða kalt,“ segir Melkorka Ýrr, sem er alvarlega að hugsa um að skella sér á Þjóðhátíð í ár.



Melkorka Ýrr segir nauðsynlegt að taka stígvél með til Eyja.


Morgundagurinn verður betri með
After Party
Náttúruleg lausn við timburmönnum




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

www.icecare.is




„Mér finnst líklegt að tískan á Þjóðhátíð verði mikið til eins og tískan í Reykjavík þessa stundina. Hettupeysur, háskólapeysur og jakkar með lógói eða prenti eiga eftir að vera áberandi.“

# Tískan á Þjóðhátíð

Sindri Snær Jensson fylgist vel með nýjustu straumum í tískunni. Hann býst við að hettupeysur og strigaskór verði í aðalhlutverki þegar kemur að klæðnaði á Þjóðhátíð.


Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is




Mér finnst líklegt að tískan á Þjóðhátíð verði mikið til eins og tískan í Reykjavík þessa stundina. Hettupeysur, háskólapeysur og jakkar með lógói eða prenti eiga eftir að vera áberandi. Það fer svo eftir veðri en búast má við að sjá marga með skrítin sólgleraugu, eða svona festival-sólgleraugu. Aron Can hefur t.d. verið með stór, hvít sólgleraugu og ekki er ólíklegt að margir verði með sólgleraugu í þeim stíl. Tískan hefur verið undir áhrifum frá tíunda áratugnum og það er ekkert lát á því,“ segir Sindri Snær, sem er einn eigenda Húrra Reykjavík.

Hann segir fólk mjög meðvitað um ákveðin vörumerki og kjósa gjarnan fatnað og skó frá þeim merkjum. „Almennt er tískan kasjúal en góð snið og vönduð efni eru í forgrunni. Langermabolir eru orðnir hin nýja skyrta.“

## Hettupeysa er staðalbúnaður

Sindri Snær vill alls ekki að Þjóðhátíðargestir séu illa búnir og hvetur fólk því til að taka hlý föt með sér til Vestmannaeyja. „Fyrst og fremst mæli ég með því að fólk klæði sig eftir veðri. Síðustu árin hefur fatnaður frá 66°Norður verið áberandi á Þjóðhátíð, sem er hið besta mál. Fyrir stuttu setti 66°Norður á markað hettupeysu sem hefur verið mjög vinsæl, þannig að þeir sem vilja skera sig úr ættu ekki að mæta í þeirri peysu. Þeir sem vilja vera skynsamir og taka með sér extra hlýjan fatnað ættu að taka góða úlpu með. Það er ekkert gaman að skjálfa úr kulda og ekki er hægt að treysta á að drekka úr sér kuldann. Ef það er á dagskránni er fólk að misskilja hvað er að vera töff! Stórar dúnúlpur frá t.d. North Face, Patagonia og íslensku útivistarmerkjunum eru mjög vinsælar. Gömul sportmerki eins og Kappa, Fila og Ellesse eru að koma sterk inn en núna er bylgja af næntís-tísku í bland við útivistartísku. Sjálfur myndi ég líka taka með hlý ullarföt frá Janus til að vera í innan undir,“ segir Sindri Snær.



Hettupeysur og skrítin sólgleraugu verða áberandi í Dalnum í ár.



Sindri Snær segir að strigaskótískan sé komin til að vera.



Þau skynsömu taka með sér stórar og góðar dúnúlpur til Eyja.

## Strigaskór allsráðandi

Strigaskór verða helsti skóbúnaðurinn í ár, enda hafa slíkir skór sennilega aldrei verið vinsælli en einmitt nú og er ekkert lát þar á. „Ég hef verið að bíða eftir að þessi strigaskóbylgja nái hámarki en hún er greinilega komin til að vera. Eflaust eru margir sem vilja sýna flottustu strigaskóna sína og ætla því að mæta í Yeezy skónum sínum frá Kanye West á Þjóðhátíð. Ég mæli samt alls ekki með því vegna þess að það getur orðið subbulegt í Dalnum. Betra er að koma í góðum leðurskóm, eins og t.d. Red Wing eða Timberland eða gömlum strigaskóm sem maður tímir að skíta út.“

Sindri Snær sér hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að fólk skarti fallegum töskum á Þjóðhátíð. „Litlar töskur með ól yfir öxlina og svokallaðar bum-bag töskur sem maður festir yfir mittið eru áberandi núna því fólk vill gjarnan hafa litlar töskur fyrir símann sinn og peningaveskið,“ segir hann en sjálfur ætlar hann að vera í höfuðborginni yfir verslunarmannahelgina að þessu sinni.


0,0%
NON ALCO
APPLE
SOMERSBY
SÓLRÍKAR
SAMVERUSTUNDIR
SOMERSBY
APPLE CIDER
NON ALCO
REFRESHINGLY CRISP TASTE
ORIGINAL
ALC 0.0% VOL

# Skothelt nesti í Dalinn



Útilegunesti þarf að fara vel í farangri, gefa ríka orku í óáreiðanlegu sumarveðri og bragðast vel. Hér eru nokkrar skotheldar hugmyndir í Þjóðhátíðarkæliboxið.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



## Eggja- og beikonloka

Það er eitthvað við beikon og egg sem virkar vel í maga á ryðguðum Þjóðhátíðarmorgnum og með smá fyrirhyggju má útbúa slatta af slíkum lokum, pakka í plast og raða í kæliboxið. Steikið beikon og látið kólna á grind, hrærið saman nokkur egg, salt og pipar og steikið á pönnu. Skerið eggjakökuna í passlega bita og raðið steiktu beikoni, eggjakökusneið og osti inn í mjúkar brauðbollur.



## Pitsa

Hver kannast ekki við að laumast í kalda pitsuafganga gærdagsins. Köld pitsa er svakalega góð og tilvalin í nesti þar sem ekkert fer fyrir þunnum sneiðunum í boxinu.



## Hollustan

Þjóðhátíð þarf ekki að þýða eintómt sukk og óhollustu alla daga. Látið 255 g kúskús í 285 ml kalt vatn í 15 mínútur. Skerið niður grænmeti eftir smekk og raðið svo lag fyrir lag, kúskús og grænmeti í krukkur. Muna eftir að pakka niður gaffli.

## Fimm á dag?

Í kæliboxinu ætti að vera hægt að koma fyrir nokkrum pokum með dagskammti af ávöxtum og niðurskornu grænmeti. Hnetur, fræ og rúsínur eru líka gott snakk í smáskömmtum í poka.








## Hnetusmjörsvefjur

Tortillakökur má brjóta saman svo ekkert af innihaldinu fari á flakk. Þær geta innihaldið ýmislegt, svo sem túnfisksalat eða steiktan kjúkling. Hnetusmjörs- og sultuvefja er bragðgóð og orkumikil ef það skyldi kólna.



## Fullt hús matar

Soðin egg eru hentug sem nesti þar sem þau eru innpökkuð í skurninni. Hvolfdu úr heilum eggjabakka í pott með vatni og láttu suðuna koma upp. Þá skal slökkva undir og láta bíða í 8 mínútur. Kældu eggin og raðaðu aftur í eggjabakkann. Þannig verður vandræðalaust að ferðast með þau yfir sjó og land.

## Heit súpa

Það jafnast ekkert á við sjóðheita súpu síðla nætur í niðurrigndu tjaldi. Best og hollast er að elda súpu frá grunni heima og hafa með á brúsa, til dæmis tómatsúpu, og skella einu af soðnu eggjunum út í. Í einföldustu tómatsúpugerð má nota 4 msk. ósalt smjör, hálfan niðurskorinn lauk, eina dós af niðursoðnum tómötum og einn og hálfan bolla af vatni. Smá salt. Bræðið smjörið á pönnunni og skellið öllu út í. Látið malla í 40 mínútur, maukið með töfrasprota og hellið í brúsa.








FARÐU Á
ÞJÓÐHÁTÍÐ MEÐ
TUBORG
LÉTTÖL
TUBORG
LÉTTÖL

# Þarfaþing á Þjóðhátíð

Gott er að útbúa nokkurs konar neyðarsett áður en haldið er á Þjóðhátíð og stinga með í ferðatöskuna. Það þarf ekki að taka mikið pláss en ætti að innihalda eitt og annað sem gott er að grípa til í neyð. Meðal þess sem nauðsynlegt er að hafa meðferðis eru verkjatöflur, After Party töflur, hálstöflur, plástur í nokkrum stærðum og sérstakur hælsærisplástur, enda fátt verra en að fá hælsæri á miðri Þjóðhátíð. Þurrsjampó í litlum brúsa gæti líka reynst vel ef ekki gefst tími til að fara daglega í sturtu. Svo er sólarvörn auðvitað mikið þarfaþing, sem og Aloe vera gel til að bera á sólbruna eða kláða og ekki sakar að taka líka með regnslá til að vera við öllu búinn, enda getur veðrið breyst með skömmum fyrirvara. Sótthreinsir getur líka komið sér vel og þá er ekki verra að hafa nokkrar bómullarskífur við höndina. Þá eru hreinsiklútar fyrirferðarlitir en geta verið nauðsynlegir. Þeir sem vilja leggja sig yfir daginn ættu að setja svefngrímu og eyrnatappa í neyðarsettið og síðan er alltaf gott að vera með krem sem linar kláða vegna skordýrabita. Lítill hengilás til að læsa tjaldinu ætti að fá að fljóta með og svo er nauðsynlegt að vera með auka hleðslubatterí fyrir símann.

**» Gott er að hafa verkjatöflur, plástra, sótthreinsi, þurrsjampó og hálstöflur í neyðar-kittinu.**



Á Þjóðhátíð er gott að hafa plástur, þurrsjampó og fleiri nauðsynjar með í farteskinu.



Eldheimar í Vestmannaeyjum eru vinsæll áfangastaður ferðamanna.
MYND/EYÞÓR

## Fjölbreytt afþreying

Þeir Þjóðhátíðargestir sem vilja fá meira út úr ferð sinni út í Eyjar hafa úr ýmissi annarri afþreyingu að velja. Golfvöllurinn þykir til dæmis afar góður og sundlaugin í Eyjum er sér á báti fyrir skemmtilegheit enda boðið upp á afar sérstakar trampólínrennibrautir.

Einnig má skella sér í siglingu í kringum eyjarnar, ökutúr um Heimaey eða heimsækja eitt af þeim söfnum sem er að finna í bænum. Þar má nefna Sagnheima og Sæheima en vinsælasta safnið um þessar mundir er án efa gosminjasýningin Eldheimar.

Á sýningunni er miðlað fróðleik um eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973, sem án efa telst til stærstu náttúruhamfara Íslandssögunnar. Skyggnst er inn í mannlífið og umhverfið í Vestmannaeyjum fyrir gos og hvernig náttúruhamfarirnar 1973 höfðu áhrif á samfélagið og líf fólksins. Nær allir íbúar Heimaeyjar urðu að yfirgefa heimili sín í skyndi og flýja eyjuna. Margir sáu húsin sín sem og megnið af eigum sínum aldrei aftur.

## Hressandi kakó með chili

**7 bollar mjólk**
**1 vanillustöng, kljúfið og skafið kornin úr**
**1 langur rauður chilipipar**
**1 msk. chiliflögur**
**3 negulnaglar**
**1 kanilstöng**
**350 g af dökku súkkulaði, söxuðu**
**Klípa af salti**



Hitið mjólkina í potti og bætið vanillukornum og stöng út í. Einnig chilipiparnum og chiliflögunum, negulnöglunum og kanilstöng. Hrærið saman og látið malla í 15 mínútur. Hellið mjólkinni gegnum sigti í annan pott yfir meðalhita. Þegar mjólkin er vel heit, bætið súkkulaðinu í skömmtum út í. Saltið og hellið í brúsa.

*Foodnetwork*




ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
50-70% AFSLÁTTUR Á ÚTSÖLU Curvy.is
VERÐ NÚ 6.495 kr VERÐ ÁÐUR 12.990 KR
VERÐ NÚ 3.495 kr VERÐ ÁÐUR 6.990 KR
VERÐ NÚ 2.995 kr VERÐ ÁÐUR 5.590 KR
VERÐ NÚ 2.697 kr VERÐ ÁÐUR 8.990 KR
VERÐ NÚ 3.995 kr VERÐ ÁÐUR 7.990 KR
VERÐ NÚ 4.495 kr VERÐ ÁÐUR 8.990 KR
VERÐ NÚ 2.995 kr VERÐ ÁÐUR 5.990
VERÐ NÚ 3.995 kr VERÐ ÁÐUR 7.990 KR
VERÐ NÚ 3.495 kr VERÐ ÁÐUR 6.990 KR
VERÐ NÚ 4.495 kr VERÐ ÁÐUR 8.990 KR
VERÐ NÚ 3.995 kr VERÐ ÁÐUR 7.990 KR
VERÐ NÚ 2.995 kr VERÐ ÁÐUR 5.990 KR
VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Við erum á Snap chat > Curvy.is
Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



## Heyskapur og harmonikuhátíð í Árbæjarsafni

Árleg Harmonikuhátíð Reykjavíkur verður haldin í Árbæjarsafni á sunnudaginn. Hátíðin hefur verið einn vinsælasti viðburður safnsins síðustu ár en hún er haldin í minningu Karls Jónatanssonar sem skemmti gestum Árbæjarsafns með harmonikuleik um árabil. Fram koma margir þekktustu harmonikuleikarar landsins.

Á sunnudaginn geta gestir Árbæjarsafns einnig fylgst með og tekið þátt í heyönnum eins og þær tíðkuðust áður en vélar komu til sögunnar. „Um aldir höfðu Íslendingar engin önnur verkfæri en ljá, orf og hrífu til að afla vetrarforðans. Víða var heyjað upp á gamla mátann fram yfir miðja síðustu öld, en nú eru gömlu handbrögðin sjaldséð í sveitum landsins.“

Safnið er opið frá klukkan 10 til 17 en hátíðin hefst klukkan 13.



## Málum blandið húsráð

Edik hefur lengi verið notað til heimilisþrifa og til að losna við vonda lykt en mörgum þykir það náttúrulegri og heilsusamlegri kostur en að nota tilbúin hreinsiefni. Edik er sýra og getur ráðið við bæði bakteríur og skít. Styrkur sýrunnar þarf þó að vera mikill til að hún hrífi en flestir blanda henni út í vatn. Oft eru hlutföllin einn hluti ediks á móti þremur af vatni, sem dregur umtalsvert úr áhrifunum.

Sé sýran hins vegar notuð ein og sér getur hún eyðilegt bæði viðaryfirborð og stein. Það er því vissara að nota vatnsblandað edik til þrifa en hafa það í huga að á erfiða bletti getur þurft önnur meðul.





## Fríið búið?

Þegar styttast fer í sumarfríinu og almennur vinnudagur nálgast gæti þurft að snúa sólarhringnum í fyrra horf. Þeir sem kvíða fyrsta morgninum þegar klukkan hringir klukkan 7 geta undirbúið sig í skrefum.

Byrjið á að fara aðeins fyrr í háttinn. Það gæti tekið nokkur kvöld að komast fram fyrir miðnættið.

Stundið einhverja hreyfingu yfir daginn til að þreytast.

Stillið kaffidrykkju í hóf seinnipart dags og varist að horfa á símann eða tölvuna stuttu fyrir svefninn.

Myrkvið svefnherbergið, íslenskar sumarnætur hjálpa ekki til við að festa svefn. Þær eru þó sjaldnast það heitar að það trufli en betra er að sofa í svölu herbergi.

Stillið klukkuna í skrefum fyrr. Til dæmis klukkan 10 fyrsta morguninn, svo níu, átta og loks 7. Varist að snúsa. Setjið klukkuna til dæmis fram á gang svo að þið þurfið fram úr til að slökkva á henni.

Dragið strax frá gluggum svo birtan streymi inn og búið í hvelli um rúmið. Þá minnka líkurnar á að þið skríðið aftur upp í.

Þorsti ýtir undir syfju svo það mætti reyna að drekka stórt glas af köldu vatni að morgni til að draga úr syfjunni. Hefja svo daginn á góðum teygjuæfingum og borða loks staðgóða morgunmat.

Neitið ykkur um lúra yfir daginn.

*wikihow.com*



# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



Evrópu rafbílar Nissan Leaf 2016 3 og 12 þús km Eins og nýir. V 2.690 þús. S 8204113, 6992400

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hópferðabílar

IVECO BUS
Skólabílar, áhafnarrútur og ferðamannarútur



IVECO DAILY MINIBUS
Fáanleg með 16–22 farþegasætum.

IVECO DAILY TOURIST COACH
Fáanleg með 20-31 farþegasæti.

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 eða 825 5215 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS
Kauptúni 1
210 Garðabæ
www.bl.is

### Vespur



TAMCO SPORT F1 50cc bensínvespa með 25km/h hámarkshraða, til aksturs á hjólastígum og gangstéttum. Ársgamalt hjól frá Suzuki umboðinu, ekið aðeins 260 km. Verð 180 þúsund. Uppl í s. 691-9988.

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

Húsamiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 845 2939

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Önnur þjónusta



Parketslípun/sólpallaslípun/parketvélaleiga um allt land. www.parketslipunmeistarans.is -7817200 í Reykjavík og Akureyri.


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


## Keypt & Selt

### Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

### Vélar og verkfæri



90 HP TOHATSU utanborðsvél til sölu 2 ára notuð 150 klst. Verð 750 þús uppl. 8945785 snj@vortex.is

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**


## Skemmtanir





Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

HAPPY HOUR
ALLA DAGA!!
16-19

UFC Í BEINNI
SUNNUDAGINN 16. JÚLÍ
KL. 19:00
GUNNAR NELSON
VS
PONZINIBBIO

Allir velkomnir



Hljómsveitin **TRAP** frá Ísafirði spilar um helgina.
**Föstudag frá kl.23-02 - laugardag frá kl.00-03**

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




kr. 17.900

DEFENDER vöðlujakki

Nýji Defender vöðlujakkinn bæði vind og vatnsheldur, og er á góðu verði

Stærðir: M-L-XL-XXL-og XXXL

Vesturröst

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

VEIÐIPORTIÐ



Brjálað tilboð af flugulínum 2 fyrir einn af Vision, scientific Anglers og aqua flugulínum. Síðasta helgin með þetta geggjaða tilboð !!Veiðiportið Grandagarði 3, s.552-9940

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**

Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

# Atvinna

## Atvinna í boði

**LEIKSKÓLINN UNDRALAND EHF**

Matráður(- leiðbeinandi Undraland, lítill leikskóli í Kópavogi, óskar eftir áhugasömum, jákvæðum og sjálfstæðum matráð frá 10. ágúst. Vinnutími 9.30-13.30. Einnig vantar áhugasaman, jákvæðan og duglegan leiðbeinanda í 100% starf frá 10. ágúst. Íslenskumælandi skilyrði. Allar upplýsingar í s. 899 8654 Sonja/ 862 3029 Bryndís.

**HÚSHJÁLP!!!**

Eldri kona óskast til að þrífa litla íbúð á svæði 105 RVK 2x í mán 5000 kr á tímann svart. Uppl. S 663 6707

Óskum eftir smiðum til vinnu. Fjölbreytt störf í boði. Uppl. í s. 661 9083

## Fasteignir

Húsaskjól fasteignasala



Ásdís Ósk
863-0402/519-2600
asdis@husaskjol.is

Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími 519 2600 — Löggiltur fasteignasali






### Selhóll 6b, 801 Selfoss

| | |
|---|---|
| Tegund: | Sumarhús |
| Stærð: | 85,5 fm |
| Herbergi: | 1 |
| Verð: | 21.000.000 |

**Opið hús laugardag og sunnudag kl. 14:00-16:00**

Ásdís Ósk gsm: 863-0402

85,5 fm heilsárshús sem stendur á 5.625 m2 eignarlóð í Grímsnes- og Grafningshreppi. Mjög gott útsýni, m.a. yfir Ingólfsfjall. Bústaðurinn er á einni hæð ásamt svefnlofti. Komið inn í forstofu með flísum og fatahengi, gengið inn í stofu og þaðan er opið annars vegar inn í eldhús og hinsvegar inn í sólskála. Svefnherbergi með fataskáp og innangengt í baðherbergi og þaðan er útgengt á pall.
15 mínútna akstur á Selfoss með alla sína þjónustu. Næsta sundlaug er á Borg, tveir golfvellir eru stutt frá, t.d Kiðjaberg og Öndverðarnes. Bauluvatn er stutt frá, þeir sem eiga bústað mega veiða. Tvær sorpstöðvar í nágrenni, á Klausturhólalandi og Ásgarði. Góðar gönguleiðir eru í nágrenninu, t.d upp á Selhól sem er fyrir aftan bústaðinn og Búrfell.

**Eigendur taka á móti áhugasömum, Eygló í síma: 895-6389 og Hermann 865-8924**

WWW.HUSASKJOL.IS HUSASKJOL@HUSASKJOL.IS WWW.FACEBOOK.COM/HUSASKJOL

## Atvinna

Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavik

### Job Vacancy

**The Embassy of the Federal Republic of Germany is looking for a driver with additional craftsman's skills starting from September 2017**

The applicant should have the following qualifications:

- **High School Diploma**
- **Category B Driver's Licence and driving experience**
- **Work experience**
- **Good command of Icelandic and English (knowledge of German added plus)**
- **Computer Literacy**
- **Strong Working and Personal Skills**

For more detailed information on requirements and job description please consult the embassy's website: **http://www.reykjavik.diplo.de**

Please forward your application in English or German until **10th August 2017.**




## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Þ59 Sprengisandur**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið Þ59 Sprengisandur. Í tillögunni felst uppbygging atvinnuhúsnæðis á þremur lóðum þar sem nú er Bústaðavegur 151. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Vogabyggð svæði 2**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. júlí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn neðanjarðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. júlí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða nr. 4-6, 8-10 og 12 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að þar sem áður var gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði er nú gert ráð fyrir 1-4 hæða íbúðarhúsnæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Spöngin eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2 og 4**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. júlí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar einingu G vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í 130 íbúðir og fella út heimild til að byggja verslunar- og þjónustuhúsnæði á lóðinni, byggingarreitir eru breyttir lítillega, þakgörðum efri hæða fækkað, breidd svalaganga minnkuð, bílastæðaskilmálum breytt, bílakjallari minnkaður, fjöldi bílastæða ofanjarðar aukinn og sorpgeymsla er fyrir hefðbundin sorpskýli á lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Bíldshöfði 18**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. júlí 2017var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða vegna lóðarinnar nr. 18 við Bíldshöfða. Í breytingunni felst að hafa fjölbreytta blandaða atvinnustarfsemi í mannvirkjum á lóðinni í formi skrifstofuhúsnæðis, verslunar og þjónustu, matvælaframleiðslu, veitingahúsa, gististaða í flokki I-III, heildsölu, lagerhúsnæðis og létts iðnaðar og verkstæða fyrir létta iðnaðarstarfsemi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 14. júlí 2017 til og með 25. ágúst 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*****, skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 25. ágúst 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. júlí 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


Bætum við vörum daglega
RISA
SUMARÚTSALAN
VARÐ ENN STÆRRI
SÚ STÆRSTA TIL ÞESSA
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
YFIR 3500 VÖRUR Á
20-75% AFSLÆTTI
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
14. JÚLÍ 2017 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1839** Skírnarfontur sem Bertel Thorvaldsen gaf Dómkirkjunni í Reykjavík er vígður. Við athöfnina er drengur skírður í höfuðið á listamanninum.

**1929** Varðskipið Ægir kemur til Reykjavíkur. Þetta er fyrsta íslenska skipið knúið dísilvél. Ægir er við landhelgisgæslu, björgunarstörf, hafrannsóknir o.fl. í nær sex áratugi.

**1962** Hótel Saga í Reykjavík er tekin í notkun. Fyrsti hótelstjórinn er Þorvaldur Guðmundsson.

**1971** Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sú fyrri undir forsæti hans, tekur við völdum af viðreisnarstjórninni. Hún situr í rúm þrjú ár. Að henni standa Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og Samtök frjálslyndra og vinstri manna.

**1973** Andri Snær Magnason rithöfundur fæðist.

**1974** Vegurinn yfir Skeiðarársand er opnaður og þar með er lokið lagningu hringvegar um landið. Vegalengdin milli Núpsstaðar og Skaftafells styttist úr tæpum 1.400 kílómetrum í 34 kílómetra. Byggðar eru 12 brýr, samanlangt 2004 metrar að lengd, þar af er Skeiðarárbrú 904 metrar, lengsta brú landsins.



Ásta Kristrún, Valgeir og Vigdís Vala. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Á heimavelli í sýningu um sögu Íslands

**Tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson hefur undanfarið vakið lukku með sýningunni Saga Music 101 sem byggir á fornsögum og goðafræði lands og þjóðar. Hann er á heimavelli í sýningunni enda hefur hann samið tónlist og texta um sögu Íslands í þrjá áratugi.**

Sýningin Saga Music 101 samanstendur af tónlist og textum sem tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson flytur með dyggri aðstoð eiginkonu sinnar, Ástu Kristrúnar Ragnarsdóttur. „Við segjum okkur hafa farið í „útrás“ til Reykjavíkur frá Eyrarbakka, þar sem höfuðstöðvarnar okkar eru,“ segir Valgeir sem hefur flutt sýninguna í Gamla bíói og víðar í allt sumar.

Ásta Kristrún er Valgeiri til halds og trausts í sýningunni og gegnir þar ýmsum hlutverkum. „Ásta Kristrún er í hlutverki gestgjafa og sagnakonu á meðan ég, og stundum fleiri góðir listamenn, sé um tónlistarflutninginn,“ segir Valgeir.

Vigdís Vala Valgeirsdóttir, yngsta barn þeirra hjóna, hefur margsinnis komið fram með foreldrum sínum í sýningunni og því er óhætt að segja að um sannkallaða fjölskyldusýningu sé að ræða.

> Þetta á sér talsvert langa forsögu sem nær um það bil 30 ár aftur í tímann.

„Þetta er persónulegt, alveg eins og jarðvegurinn sem sögurnar sem ég flyt spruttu upp úr. Sögurnar varðveittust sumar í 500 ár áður en þær voru skrifaðar loksins. Þetta var alltaf þessi persónulega miðlun, á milli kynslóða,“ segir Valgeir sem telur verkið kalla á ákveðna nánd. „Þess vegna hentar það vel í lítil rými, maður þarf að geta virkilega horft framan í þá sem eru að hlusta.“ Þess má geta að sýningin er flutt á ensku en er hugsuð fyrir bæði erlenda ferðamenn og Íslendinga.

Spurður út í hvernig hugmyndin að Saga Music 101 kviknaði segir Valgeir: „Þetta á sér talsvert langa forsögu sem nær um það bil 30 ár aftur í tímann. Ég hef samið mikið af tónlist og textum sem tengist þessari hugmynd sem byggir á goðafræði og sögunni um hvernig Ísland byggðist og hvernig þessi blessaða þjóð okkar varð til. Ég samdi til að mynda tónlist fyrir heimildarþátt á PBS um Leif Eiríksson í samvinnu við Smithsonian Institute. Sá þáttur kom út árið 2000 og var sýndur um þver og endilöng Bandaríkin.

Síðan þá hefur ætlunarverk mitt verið að setja upp sýningu í tali og tónum um sögu Íslands með skýrum hætti, sýningu sem heldur fólki við efnið í 50 mínútur. Hún þarf að vera skemmtileg, dramatísk og spanna allan skalann. Við horfum til hópa af ýmsum toga, íslenskra og erlendra, nú eða blöndu af hvoru tveggja.“

Valgeir og Ásta benda áhugasömum á að skoða heimasíðu þeirra, sagamusic101.com, til að sjá fyrirkomulag bókana, en hópar þurfa ekki endilega að vera ýkja fjölmennir að sögn Valgeirs.

gudnyhronn@365.is




Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi Steinþórsson**
pípulagningameistari,
Freyjuvöllum 12, Keflavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 30. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 18. júlí klukkan 13.

**Karítas Jóna Gísladóttir**
**Guðmundur Helgason**
**Steinar Már Helgason** — **Rebecca Scattergood**
**Gísli Jónatan Helgason** — **Una Dís Fróðadóttir**
**Davíð Helgason**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Óla Sigurðardóttir**
Hrauntungu 21, 200 Kópavogi,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju mánudaginn 17. júlí kl. 11.00.

**Snorri Hauksson** — **Erla Magnúsdóttir**
**Hannes Þór Hafsteinsson** — **Helen S. Barradas**
**Sigurður Páll Snorrason** — **Ingibjörg Ragna Krüger**
**Ingvi Örn Snorrason** — **Brenda Prehal**
**Íris Björk Snorradóttir**



Elskuleg systir okkar,

**Þorbjörg Vigfúsdóttir Day**
Stella Day

lést á heimili sínu í Leonardtown Maryland USA þann 28. júní sl. Jarðarför auglýst síðar.

**F.h. ættingja,**
**Kristín Vigfúsdóttir**
**Ólafur Vigfússon**
**Lýður Vigfússon**
**Ómar Hafffjörð**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Árný Lilja Egilsdóttir**
Mannskaðahóli,

lést á heimili sínu, Austurgötu 3, Hofsósi, 6. júlí 2017. Útför hennar fer fram frá Hofsósskirkju miðvikudaginn 19. júlí kl. 14.00.

**Egill Hermannsson**
**Einar Halldórsson** — **María Jóhannsdóttir**
**Jón Halldórsson** — **Erla Eyjólfsdóttir**
**Sigríður Halldórsdóttir** — **Óskar Stefánsson**
**Björn Gísli Halldórsson** — **Edda Una Þórðardóttir**
**Ingibjörg Sólveig Halldórsdóttir** — **Bjarni Kr. Þórisson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Móðir okkar,

**Sigríður Breiðfjörð Pálsdóttir**
íþróttakennari frá Hömrum, Grundarfirði,

lést á Borgarspítalanum 11. júlí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 17. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á SOS barnahjálp eða líknarfélög.

**Ólöf Guðmundsdóttir Huber**
**Kristín Helga Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Páll Guðmundsson**
**tengdabörn og barnabörn.**



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Sigríður Ingibjörg Ólafsdóttir**

lést þann 5. júlí sl. á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram þann 18. júlí kl. 11.00 í Bústaðakirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans.

**Ólafur J. Kolbeins.** — **Ósk Laufdal**
**Sjöfn S. Kolbeins.** — **Sigurður Jensson**
**Guðborg H. Kolbeins.** — **Tómas Sveinbjörnsson**
**Júlíus Kolbeins.**
**tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**


FRÉTTABLAÐIÐ
Sumarleikur
Viltu vinna Fiat Tipo?
Sendu okkur mynd af þinni stund með Fréttablaðinu.
Vertu með í sumarleik Fréttablaðsins þar sem þú átt möguleika á stórglæsilegum vinningum. Aðalvinningurinn er glæsilegur Fiat Tipo sem dreginn verður út 11.ágúst, fram að því eru dregnir út veglegir aukavinningar vikulega.
Það er einfalt að taka þátt
1. Taktu mynd af þinni stund með Fréttablaðinu.
2. Farðu inn á frettabladid.is/sumarleikur og sendu okkur myndina þína.
Taktu þátt á frettabladid.is/sumarleikur
SPORTPAKKINN
SKEMMTIPAKKINN
TIPO
DORMA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Suðaustan 5-15 í dag, hvassast SV-lands, en lægir þar um kvöldið. Rigning, en úrkomulítið NA-til. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á NA-verðu landinu.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. starf
6. tveir eins
8. ull
9. spíra
11. þessi
12. goðmögn
14. verkfæri
16. þvaga
17. leyfi
18. móða
20. tveir eins
21. hýði

**LÓÐRÉTT**
1. ofneysla
3. skammstöfun
4. ræsimark
5. knæpa
7. heimska
10. maka
13. bókstafur
15. land
16. tré
19. rún

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**: 2. verk, 6. ff, 8. hár, 9. ála, 11. sá, 12. tótem, 14. nafar, 16. ös, 17. frí, 18. ský, 20. kk, 21. para.
**LÓÐRÉTT**: 1. ofát, 3. eh, 4. rásmark, 5. krá, 7. flónska, 10. ata, 13. eff, 15. ríki, 16. ösp, 19. ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

Asjihin átti leik gegn Ugolcev í Sovétríkjunum sálugu árið 1976.

**Svartur á leik**

**1. … De1! 2. Dxe1 Rf3+ 3. Kh1 Hxh2#.** Friðrik Ólafsson hefur þátttöku í dag í Dundee í Skotlandi.

**www.skak.is:** Alltaf nýjar skákfréttir.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# HÖFUM HEIL ÖKUTÆKI Í UMFERÐ!

**Skylduskoðun ökutækja** eru framkvæmdar á **32** stöðum um land allt hjá Frumherja, sjá staðsetningar á frumherji.is

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ**

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




**Frumherji**
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Tilvísanir í barokkheiminn undirliggjandi

**María Huld Markan verður í sviðsljósinu í Skálholti um helgina. Hún er staðartónskáld þar og portretttónleikar með verkum hennar verða á morgun, laugardag. Í framhaldi af því ætlar hún að aka „hringinn“.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Það er sitthvað fram undan hjá Maríu Huld, staðartónskáldinu í Skálholti, fyrir utan að fylgjast með flutningi eigin tónsmíða þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég sem frekar aðgengilega tónlist, að fólk segir, og fyrir mér eru þetta allt bara lög,“ segir María Huld Markan tónskáld glaðlega þegar hún er spurð hvort tónlist hennar sé flókin og framandi fyrir áheyrendur. Hún er staðartónskáld í Skálholti og um síðustu helgi frumflutti Hljómeyki tvö lög eftir hana þar, auk þess sem dagskrá sem hefst í Skálholtskirkju klukkan 14 á morgun er öll úr hennar smiðju.

Áður en María lýsir efnisskránni verður hún að skipta um síma því hljómurinn í heimasímanum er daufur. „Ég erfði símann eftir Ingrid Markan, langömmu mína, og fjögurra stafa númerið hennar er enn í númerakassanum framan á honum. Maður þarf að borga sérstaklega fyrir að vera með svona forngrip í notkun,“ segir hún stolt þegar við hefjum spjallið aftur, hún í gemsanum.

„Á portretttónleikunum á morgun verða spiluð þau verk sem kammerhópurinn Nordic Affect hefur pantað eftir mig og spilað í gegnum tíðina,“ segir María. „Hópurinn leikur á barokkhljóðfæri og ég hef reynt að hafa blæ þeirra og tækni í huga þegar ég sem, þannig að tilvísanir í barokkheiminn eru alltaf undirliggjandi.

Fyrsta verkið er frá 2010 og það síðasta var frumflutt í vor. Hin fjögur hafa aldrei verið spiluð áður á sömu tónleikum. Fyrstu þrjú þeirra voru eins konar þrílógía. Það fyrsta heitir Sleeping Pendulum, annað Clockworking og það þriðja Spirals. Þau voru samin út frá hugleiðingum um tímann og mismunandi víddum hans. Það fer vel á því að flytja þau saman.“

Íslandsfrumflutningur verður á einu verki Maríu, Loom heitir það, samið fyrir Nordic Affect og frumflutt í Los Angeles á Reykjavík festival í apríl síðastliðnum. „Loom var búið til í samvinnu við vídeólistakonuna Doddu Maggý. Vídeóið verður ekki með núna vegna sumarbirtunnar en tónverkið var samið þannig að hægt er að flytja það án þess.“

Allra nýjasta verkið hennar Maríu er með allt öðru sniði en hin, að hennar sögn. Það er fyrir raddir og bjöllur og samið fyrir Nordic Affect vegna tónleikanna í Skálholtskirkju. „Kirkjan er stór og ílöng og verkið er algerlega hugsað fyrir rýmið og tilefnið. Við ætlum að dreifa okkur dálítið en eigum eftir að finna út hvar best er að vera, það er allt opið ennþá.“

**ÉG ERFÐI SÍMANN EFTIR INGRID MARKAN, LANGÖMMU MÍNA, OG FJÖGURRA STAFA NÚMERIÐ HENNAR ER ENN Í NÚMERAKASSANUM FRAMAN Á HONUM.**

Hvað skyldi svo vera fram undan hjá tónlistarkonunni? „Ég er að sigla inn í frí og ætla að ferðast með fjölskyldu minni um Ísland. Fara hringinn eins og allir gerðu á áttunda áratugnum sem áttu bíla. Lengst stoppum við austur á Fljótsdalshéraði. Við erum með hús á Hallormsstað og ætlum að fara þaðan í skreppitúra niður á firði og njóta útsýnis og menningar þar eystra.“

María Huld kveðst taka að minnsta kosti þrjár vikur í sumarfrí en halda svo áfram að stússast í tónlistinni. Hljómsveitin mín, Amiina, er að undirbúa endurútgáfu á fyrstu plötu sveitarinnar sem kom út fyrir tíu árum. Platan heitir Kurr og hefur verið ófáanleg í talsverðan tíma. Nú kemur hún út á vínyl.

Síðan verð ég viðstödd upptökur á tveimur af tónverkunum mínum í Bandaríkjunum í september og í haust höldum við í Amiinu áfram að ferðast um heiminn og kynna nýjustu plötuna okkar, Fantomas. Spilum hér og þar í haust.

Svo það er svona sitt lítið af hverju á döfinni.“




# Jón R. Hjálmarsson metsöluhöfundur á Ítalíu

Bókin Þjóðsögur við þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson kom nýlega út á Ítalíu í þýðingu Silviu Cosimini og er komin í 9. sæti vinsældalistans þar í landi í flokki fræði- og handbóka, að sögn Valgerðar Benediktsdóttur hjá Forlaginu. „Útgefandinn Iperborea er í skýjunum. Fésbókarfærsla útgáfunnar um bókina fékk 2.500 læk fyrsta daginn og yfir 300 deilingar. Fyrstu tíu dagana eftir að bókin kom út seldist hún í 2.000 eintökum og bóksalar hringja daglega og panta fleiri eintök. Þetta er stórkostlegur árangur,“ segir hún.




**Þjóðsögurnar hans Jóns falla í kramið hjá Ítalanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**EFTIR AÐ BÓKIN KOM ÚT SELDIST HÚN Í 2.000 EINTÖKUM OG BÓKSALAR HRINGJA DAGLEGA OG PANTA FLEIRI EINTÖK.**

Valgerður Benediktsdóttir

Höfundurinn Jón er á nítugasta og sjötta aldursári. Hann var skólastjóri á Skógum og Selfossi og fræðslustjóri Suðurlands um tíma. Eftir hann liggja vinsælar bækur um land og þjóð, meðal annars handbækurnar Þjóðsögur við þjóðveginn, Þjóðkunnir menn við þjóðveginn og Draugasögur við þjóðveginn. **– gun**


2 MARAÞON NOW
býður upp á
stærsta safn
íslensks sjónvarpsefnis
sem völ er á
Horfðu á heilu þáttaraðirnar af íslensku sjónvarpsefni.
AÐEINS
2.990 KR
Á MÁNUÐI*
*Fylgir með völdum sjónvarpspökkum Stöðvar 2
2now.is
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
LÖGREGLAN
MAGNÚS JÓNSSON
STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR
RÉTTUR
RAPP Í REYKJAVÍK
GULLI BYGGIR
Hið Blómlega Bú
STEYPUSTÖÐIN
ÍSSKÁPA STRÍÐ
Logi
HEIMSÓKN
SATT EÐA LOGIÐ?
BORGARSTJÓRINN
FÓSTBRÆÐUR
MARGRA BARNA MÆÐUR
ÞÆR TVÆR
ÍSLAND GOT TALENT
LANDNEMARNIR
LÓA PIND BARA GEÐVEIK
SENDIRÁÐ ÍSLANDS
Ameríski Draumurinn
Hlemma Vídeó
STEINDINN OKKAR
PRESSA
SPILAKVÖLD
2now.is







**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 - 7 | L |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 9 - 10 | 14 |
| ALL EYEZ ON ME VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| THE HOUSE | KL. 8 - 10 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 2:50 - 3:20 - 5:40 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:35 | 12 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:30 | 12 |
| THE HOUSE | KL. 8 - 10:35 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 7:45 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5 | L |
| BAYWATCH | KL. 10:20 | 12 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 8 - 10:50 | 14 |
| THE HOUSE | KL. 8 | 16 |
| TRANSFORMERS 3D | KL. 5 | 12 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 10 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

**KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ALL EYEZ ON ME | KL. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 10:30 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10:10 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 8 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 4:50 - 7:30 | 12 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| PLANET OF THE APES 3D | KL. 7:30 - 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 7:40 - 10:20 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Birgir Rafn Plötusnúður
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Græna herbergið
Biggi er reynslubolti að norðan og hefur verið einn aðalsnúðurinn á Pósthúsbarnum frá opnun hans. Hann heldur uppi stuðinu í kvöld.

**Hvað?** Birnir, Herra Hnetusmjör og Þura Stína
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Risatónleikar Stúdentakjallarans og Landsbankans þar sem Birnir, Herra Hnetusmjör og Þura Stína koma fram. Happy hour er frá 16.00 til 19.00 og svo verða góð tilboð á barnum allt kvöldið. Frítt inn.

**Hvað?** Útgáfupartí fyrir Kinder Versions
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Lucky Records
Hljómsveitin Mammút sendir frá sér sína fjórðu breiðskífu í dag, Kinder Versions. Af því tilefni verður útgáfupartí í Lucky Records. Á plötunni eru níu lög. Mammút mun spila nokkur lög, platan verður spiluð og þá mun hljómsveitin árita eintök fyrir áhugasama.



**Mammút sendir frá sér nýja plötu í dag.** MYND/SARA MCMAHON

**Hvað?** Tónleikahátíðin KEXPort
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kex Hostel
Tónleikahátíðin KEXPort sem haldin er í sjötta skiptið í portinu fyrir aftan Kex Hostel byrjar í dag. KEXPort hefur vanalega staðið yfir í einn dag (frá hádegi til miðnættis) en í ár verður hún haldin í tvo daga og dagskráin er vegleg. Í kvöld koma Hatari og Dynfari meðal annars fram.

**Hvað?** Nolo með Dj-set
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bíó Paradís
Hljómsveitin Nolo sér um skífuþeytingar strax að lokinni sýningu myndarinnar Ferris Bueller's Day Off. Happy hour á bjór (750 kr.) er frá klukkan 22.00-01.00.

### Uppákomur

**Hvað?** Basknesk hátíð
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Snæfjallaströnd
Í kvöld verður haldin basknesk hátíð á Snæfjallaströnd, á söguslóðum Spánverjaviganna. Ferðaþjónustan í Dalbæ og Snjáfjallasetur standa að hátíðinni í samstarfi við Baskavinafélagið á Íslandi. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Francisco Javier Jáuregui flytja basknesk þjóðlög og kvikmyndin Baskavígin verður sýnd.



**Árni Páll Árnason, betur þekktur sem Herra Hnetusmjör, verður í Stúdentakjallaranum í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Róló og Skinnsemi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Klambratún
Sirkus Íslands er með þrjár sýningar í gangi á Klambratúni og verða þær sýndar út júlí. Í dag fara tvær sýninganna fram, Róló og Skinnsemi. Róló er sýnd klukkan 17.00 og Skinnsemi klukkan 20.00. Á róló kanna sirkuslistamenn hið ómögulega, taka áhættu og finna óvæntar leiðir til að leika sér með ólíklegustu hluti. Skinnsemi er svo kabarettsýning fyrir fullorðna með sirkusívafi. Sýningin er ekki fyrir viðkvæma – en er sannarlega fyrir víðsýna. Sýningin er bönnuð innan 18 ára og hefur sirkusinn vínveitingaleyfi á þessum sýningum.

**Hvað?** Sumarpartí
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Yeoman, Skólavörðustíg 22b
Glænýjar vörur frá Hildi Yeoman, Swimslow og merkinu Style mafia verða kynntar. 10 prósenta afsláttur af nýjum vörum. Veitingar og mikið fjör.


Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur
tanntæknar mæla með GUM tannvörum




... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is




# AFMÆLISTILBOÐ




**FJALLALAMB**
FROSIÐ LAMBALÆRI
**999**
KR.KG

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.

Iceland

*Tilboð gilda í öllum Iceland verslunum í júlí




Stórskemmtilegur spurningaþáttur að Pub-Quiz fyrirmynd þar sem áhorfendur heima í stofu geta tekið þátt í leiknum. Keppendur í sal spila innbyrðis í pörum og er það lið sem er með flest rétt svör hverju sinni sigurvegari kvöldsins með tilheyrandi verðlaunum.
Umsjónarmaður þáttarins er Jóhann G. Jóhannsson.

**FRÁBÆRT**
**FÖSTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



**TEMPLE GRANDIN**

Sannsöguleg mynd, byggð á ævi Temple Grandin, og fjallar um glímuna við einhverfu sem hún greindist með ung að árum. Í dag er hún einhver þekktasti búfjárfræðingur Bandaríkjanna og nýtur mikillar virðingar þar vestra.

**JESSE STONE: LOST IN PARDISE**

Jesse Stone, lögreglustjórinn í bænum Paradise, er fenginn til að aðstoða við rannsókn þriggja morðmála í Boston sem eru vægast sagt dularfull.



**TRAINWRECK**

Kona sem trúir ekki á hjónabandið gæti þurft að horfast í augu við eigin fælni á þessu sviði þegar hún hittir góðan strák sem hún er að skrifa grein um.



**THE NEW ADVENTURES OF OLD CHRISTINE**

Frábær gamanþáttur þar sem Julia Louis-Dreyfus leikur Christine sem er nýskilin við óþolandi sjálfumglaðan eiginmann sinn og barnsföður.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Save With Jamie**
**11.10 The Heart Guy**
**12.05 The New Girl**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Where to Invade Next**
**15.00 Ghostbusters** Ævintýraleg gamanmynd frá 2016 með Kristen Wiig , Melissa McCarthy, Chris Hemsworth, Kevin James, Bill Murray og fleiri frábærum leikurum. Þegar draugaplága byrjar að gera Manhattan-búum lífið leitt kemur það í hlut rithöfundanna Erinar og Abby að bregðast við og það fyrsta sem þær gera er að fá í lið með sér neðanjarðarjárnbrautarvörðinn Patty og kjarneðlisfræðinginn Jillian. Þær eiga í höggi við hinn illa púka Rowan sem fer m.a. létt með að yfirtaka líkama fólks sem lætur ekki að hans vilja. Fram undan er barátta sem er engri annarri lík og þótt þær Patty, Abby, Erin og Jillian hafi aldrei barist við drauga áður, hvað þá púka eins og Rowan, mæta þær ofureflinu algjörlega óhræddar.
**16.55 Top 20 Funniest**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 Svörum saman**
**20.20 Temple Grandin**
**22.10 Jesse Stone: Lost in Paradise**
**23.40 Ninja: Shadow of a Tear**
**01.15 Sleepers** Spennumynd frá 1996 með einvalaliði leikara. Fjórir piltar ólust upp í illræmdu hverfi í New York. Þeir urðu miklir vinir og reyndu að halda sér frá glæpum en stundum gátu þeir ekki stillt sig um að prakkarast. Einu sinni fór prakkaraskapurinn yfir strikið og þeir lentu á heimili fyrir vandræðabörn. Vörðurinn þar var miskunnarlaus og misnotaði og píndi drengina. Mörgum árum síðar voru þeir saman á kaffihúsi og þar sáu þeir fangavörðinn á næsta borði.
**03.40 Ghostbusters**
**05.35 The Middle**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The New Girl**
**18.30 Community**
**18.55 Modern Family**
**19.20 Lip Sync Battle**
**19.45 Gilmore Girls**
**20.30 It's Always Sunny in Philadelphia**
**20.55 Eastbound & Down**
**21.30 Entourage**
**22.05 Six Feet Under**
**23.00 The New Adventures of Old Christine**
**23.25 Fresh off the Boat**
**23.45 Modern Family**
**00.10 Lip Sync Battle**
**00.30 Gilmore Girls**
**01.15 It's Always Sunny in Philadelphia**
**01.35 Eastbound & Down**
**02.05 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Lína langsokkur**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.11 Zigby**
**10.25 Stóri og Litli g**
**10.38 Ljóti andarunginn og ég**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Lína langsokkur**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Zigby**
**14.25 Stóri og Litli**
**14.38 Ljóti andarunginn og ég**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Lína langsokkur**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Zigby**
**18.26 Stóri og Litli**
**18.39 Latibær**
**19.00 Smáheimar. Dalur týndu mauranna**



**Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Ísland - Brasilía**
**09.20 Undankeppni HM 2018**
**11.05 Sumarmótin**
**11.40 Premier League World**
**12.10 Liverpool Pre-season Games**
**13.55 Inkasso-deildin**
**15.40 Pepsi-mörk kvenna**
**16.35 FA Cup**
**18.20 Liverpool Pre-season Games**
**20.30 Sumarmótin 2017**
**21.05 Teigurinn**
**21.55 1 á 1**
**22.35 Búrið**
**23.15 Goals of the Season**
**00.10 Liverpool Pre-season Games**

## GOLFSTÖÐIN

**08.30 Inside the PGA Tour**
**08.55 John Deere Classic**
**11.55 US Women's Open**
**16.55 John Deere Classic**
**20.00 John Deere Classic**
**23.00 Golfing World**
**23.50 US Women's Open**
**06.00 John Deere Classic**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40 Brooklyn**
**13.30 The Citizen**
**15.10 High Strung** Frábær dramatísk mynd frá 2016 um dansarann Ruby sem fer í listaskóla á Manhattan í New York. Þar kynnist hún fiðluleikara sem heitir Johnnie og spilar reglulega í neðanjarðarlestinni. Eitt sinn er fiðlunni hans stolið, og Ruby reynir að hjálpa honum og kemst þá að því að hann er ólöglegur innflytjandi. Hún fréttir af keppni þar sem dansarar eiga að dansa við undirleik strengjahljóðfæris, og sigurvegarinn fær skólastyrk sem getur fært honum landvistarleyfi. Hann hafnar þátttöku í fyrstu, en ákveður svo að prófa, og kallar til danshóp sem hann veit að getur hjálpað þeim að ná markmiði sínu.
**16.50 Brooklyn**
**18.40 The Citizen**
**20.20 High Strung**
**22.00 Trainwreck** Frábær gamanmynd frá 2015 með Amy Schumer og fleiri frábærum leikurum. Kona sem trúir ekki á hjónabandið og forðast skuldbindingu eins og heitan eldinn gæti þurft að horfast í augu við eigin fóbíur á þessu sviði, þegar hún hittir góðan strák, sem hún er að skrifa grein um.
**00.05 Return to Sender**
**01.40 Filth** Bruce Robertson er spillt og ofstækisfull lögga sem sækist eftir stöðuhækkun og er tilbúinn að gera hvað sem er til að leggja stein í götu keppinauta sinna um starfið. Þótt hann sé einbeittur í að ná stöðuhækkuninni þá liggja veikleikar hans í áfengis- og eiturlyfjaneysu.
**03.15 Trainwreck**

## RÚV

**16.50 Fagur fiskur**
**17.20 Brautryðjendur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Pósturinn Páll**
**18.16 Kata og Mummi**
**18.28 Kóðinn - Saga tölvunnar**
**18.30 Ævar vísindamaður**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kærleikskveðja, Nína**
**20.05 Séra Brown**
**20.55 Louis Pasteur**
**22.20 Mercury Rising**
**00.10 The Angriest Man in Brooklyn**
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.20 Better Things**
**06.50 Síminn + Spotify**
**07.54 Everybody Loves Raymond**
**08.18 Dr. Phil**
**09.00 Símamótið 2017 - BEINT**
**17.00 Younger**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Wrong Mans**
**19.40 The Biggest Loser**
**21.10 The Bachelor**
**22.40 Under the Dome**
**23.25 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**00.05 Prison Break**
**00.50 American Crime**
**01.35 Damien**
**02.20 Secrets and Lies**
**03.05 Extant**
**03.50 The Wrong Mans**
**04.20 Under the Dome**
**05.05 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



UFC
FIGHT NIGHT
NELSON VS
PONZINIBBIO
WELTERWEIGHT BOUT
16. JÚLÍ
SPORT
INVICTA
FIGHTING CHAMPIONSHIPS
SUNNA TSUNAMI VS
KELLY D'ANGELO
15. JÚLÍ
Keiluhöllin
EGILSHÖLL
ELLINGSEN
SAMSUNG
BOLI
KAUPTU STAKAN VIÐBURÐ:
365
Síminn
vodafone
SPORT
BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817
365.IS
365

# Hið gagnlega tískutrend

Þessa dagana er ekkert meira í tísku en það sem er ekki í tísku. Við þekkjum flest hugtakið „normcore“ sem tröllreið tískuheiminum fyrir nokkrum misserum en kynnum nú til leiks hugtakið „gorpcore“; föt sem gera gagn og við höfum hingað til helst tengt við útivist og fjallaklifur.

Franskir rennilásar, regnkápur, dúnúlpur, flísvesti, hettupeysur, mittistöskur, sokkar og sandalar. Þetta er það sem er í tísku í dag.

Stóru tískuhúsin á borð við Balenciaga, Vetements og Prada hafa öll átt sinn þátt í því að koma útivistarfatnaði á tískupallinn.

Sömu sögu er að segja um gamalgróin íslensk útivistarmerki eins og Ellingsen og 66°Norður sem hafa verið að koma sér fyrir á tískuradarnum undanfarið og unnið að því að sameina hágæða útivistarfatnað og götustíl með góðum árangri.

Þessi stíll er tilvalinn fyrir íslenska sumarið eins og það er búið að vera hingað til!

## Lykilflíkur í gorpcore

- Anorakkur
- Buxur úr goretex efni
- Gönguskór
- Flíspeysa
- Dúnúlpa
- Mittistaska
- Sokkar
- Göngusandalar



66°North



Ellingsen



Vero Moda



Ellingsen



Cintamani



Húrra Reykjavík



66°North



Frá sýningu Vetements, en þeir hafa aldeilis gert þennan stíl að sínum.







Allt þarf að vera nokkrum númerum of stórt.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter



SÆNSK GÆÐAMÁLNING
OG VIÐARVÖRN
MÚRBÚÐARVERÐ
EU Ecolabel
NORDIC ECOLABEL
396 007
SWEDISH PAINT SINCE 1955
DEKA PROJEKT 10
Deka Projekt innimálning
gljástig 10, 10 lítrar (stofn A)
5.990
DEKA PROJEKT 5
Deka Projekt innimálning,
gljástig 5, 3 lítrar (stofn A)
2.290
DEKA ÞAKMÁLNING
Þakmálning 10 lítrar, rauð og svört
8.990
MEISTARALAKK 70 V
DEKA
Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
1.990
Bakki, 25 cm rúlla, grind
og pensill. - Sett
1.490
Bostik MALER ACRYLAT
Bostik málarakýtti
340
Bostik UNIVERSAL FILLER
Bostik spartl 250ml
490
Bostik LÄTT HANDSPACKEL
Bostik medium LH
spartl 5 lítrar
1.990
Mako pensill
50mm
290
Málningarpappi 20mx80cm
699
PAINTERS FLEECE
Yfirbreiðsla Fleece 1x3m
540
1x5m kr. 825
DEKAPRO
DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
7.490
25cm Málningar-
rúlla og grind
795
MÚR BÚÐAR VERÐ
ODEN
Oden þekjandi viðarvörn
2,8 lítrar, A stofn
4.890
Mako 12 lítra fata
490
Áltrappa 3 þrep
3.990
Áltrappa 4 þrep 4.940
5 þrep 6.590
6 þrep 6.990
7 þrep 7.990
Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP
1,2 metrar
495
TRÄOLJA 30
Landora tréolía
Col-51903 3 l.
1.980
ODEN
ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
3.680
GOLVFÄRG EP-V
Hagmans 2 þátta
Vatnsþ / epoxy 4kg
9.990
TIA bakki og 10 cm rúlla
með aukakefli
525
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



# VSOP KONÍAKSKRYDDLEGIÐ LAMBAKJÖT

ÁN MSG
V·S·O·P
KONÍAKSKRYDDLEGIÐ
LAMBAKJÖT
*með handbragði fagmannsins*

**STUTT LAMBALÆRI**
1.679 kr/kg
verð áður 2.398

**LÆRISSNEIÐAR**
2.399 kr/kg
verð áður 3.199

**TVÍRIFJUR**
2.624 kr/kg
verð áður 3.499

**BÓGSTEIK**
2.099 kr/kg
verð áður 2.799

Gildir til 16. júlí á meðan birgðir endast.

*Nýtt í Hagkaup*



**Justin´s**
Heslihnetu-, jarðhnetu- og möndlusmjör.

BAKARÍIÐ

*Nýjung*
*Nú einnig með kúmen*



799 kr/stk

**Steinbakað súrdeigsbrauð**
Aldargömul frönsk uppskrift. Ekkert ger. Langtíma hefun.

*Nýtt í Hagkaup*



399 kr/pk

**Fanta Fruit Twist**
Svalandi sumardrykkur, enginn viðbættur sykur.

AGROMONTE

349 kr/stk



**Agromonte**
Hágæða ítalskar vörur unnar úr kirsuberjatómötum frá Sikiley.

VEGAN

299 kr/stk



**Beanfield snakk**
Hrikalega góðar bauna- og hrísflögur.

*Nýtt í Hagkaup*



299 kr/pk

**Haagen Dazs íspinnar**
3 tegundir af íspinnum.

ORIGAMI SUSHI

RÚLLA MÁNAÐARINS!
1.299 kr/pk

# TERIYAKI KJÚKLINGUR



BÚIÐ TIL DAGLEGA

MEÐ HVERJUM KEYPTUM BAKKA AF RÚLLU MÁNAÐARINS FYLGIR 1/2 LÍTRI AF PLÚS MEÐ BLÓÐAPPELSÍNU OG APPELSÍNUBRAGÐI.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg






















HAGKAUP
Skemmtilegast að versla








# Föstudags-playlisti Lífsins

## Jóhanna Rakel

TÓNLISTARKONA

Að þessu sinni er það tónlistarkonan Jóhanna Rakel sem setur lagalista Lífsins saman. „Þetta eru allt lög sem ég vil að aðrir heyri.“

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Thinking Of U | Abra |
| Finesse The Plug Interlude | Gucci Mane |
| All About Me | Syd |
| Fungssway | Bia |
| Front & Center | Joey Bada$$ |
| Bodak Yellow | Cardi B |
| Tyrant | Kali Uchis, Jorja Smith |
| Dinero | Bad Gyal |
| Hanga með mér | Joney Christ, Yng Nick |
| Dévoué/Manfredas Remix | Moscoman |



**Kristín Dahl, Hafrún og Saga Sig eru meðal þeirra sem munu selja föt á Lofti á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Helstu tískukonur landsins losa sig við föt

Við tengjumst allar inn í tískuheiminn og og þar að auki erum við allar annálaðar fataáhugakonur,“ segir Hafrún Karlsdóttir, eigandi Bast Magazine, um hópinn sem mun selja fötin sín á Lofti á morgun. Hópinn skipa þær Anna Sóley, Eva Dögg, Helga Lilja, Hulda Halldóra, Hulda Katarína, Júlía Tómasdóttir, Katrín Alda, Kristín Dahl, Saga Sig, Ylfa Geirsdóttir og Hafrún sjálf.

Spurð út í hvað verði til sölu á markaðnum segir Hafrún: „Það verður hellingur af ótrúlega fínum fötum til sölu. Til dæmis hönnum frá ACNE, Henrik Vibskov, Rodebjer, Hope, Ganni og svo auðvitað fullt af íslenskri hönnun. Svo verður einnig fullt af vintage-fatnaði og aukahlutum til sölu,“ segir Hafrún.

**ÉG MYNDI SEGJA AÐ VIÐ VÆRUM ALLAR MEÐ FREKAR ÓLÍKAN STÍL, SVO ÚRVALIÐ HJÁ OKKUR VERÐUR ÞAR AF LEIÐANDI FJÖLBREYTT.**

Að sögn Hafrúnar ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi á markaðnum. „Ég myndi segja að við værum allar með frekar ólíkan stíl, svo úrvalið hjá okkur verður þar af leiðandi fjölbreytt.“

Aðspurð hvort hún sjálf sé duglega að endurnýja í fataskápnum svarar Hafrún játandi: „Ég elska að taka til og losa mig við dót. Þar sem ég hef unnið í mörg ár í tískuheiminum, bæði hérna heima og erlendis, þá er maður fljótur að sanka að sér og þar af leiðandi finnst mér bara frábært ef einhver annar getur haft gaman af því sem ég kemst ekki yfir að nota.“

En þetta er ekki í fyrsta sinn sem þær selja af sér spjarirnar. „Nei, við vorum einmitt með Bast-fatamarkað á Lofti í febrúar í fyrra og það gekk ótrúlega vel. Margt fólk mætti og það var frábær stemming. Og smá aukapeningur í vasann skemmir að sjálfsögðu ekki fyrir.“

„Komdu og njóttu þess að sötra ískaldan Smirnoff Ice, á meðan birgðir endast, og nældu þér í nýtt draumadress,“ segir Hafrún að lokum. **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# 25%

## AFSLÁTTUR AF HJÓLUM

### Jamis Citizen 2
Einstaklega þægilegt 28" borgarhjól

21 gíra, 60MM framdempari, dempari í sæti, stillanlegt stýri. Bæði til herra og dömu.

**56.992 kr.**
fullt verð: 75.990



### Jamis barnafjallahjól
20" og 24" barnafjallahjól

Vel útbúið og sterkt barnafjallahjól tilbúið í hasar. 20" hvítt og svart, 24" svart og fjólublátt.

20" **33.742 kr.**
fullt verð: 44.990

24" **41.242 kr.**
fullt verð: 54.990



### Jamis DTX Sport
28" dual sport hjól

Frábært hjól fyrir þann sem vill komast hratt og örugglega yfir möl og malbik.

**71.992 kr.**
fullt verð: 95.990



### Jamis Durango Sport
29" fjallahjól

Hjólaðu hvar og hvert sem er á vel útbúnu 27 gíra fjallahjóli. Til lime grænt og svart.

**71.242 kr.**
fullt verð: 94.990



### Jamis X26
26" fjallahjól

Sterkt fjallahjól í unglingsstærðum. 21 gíra og með 100MM framdempara. Til rautt og fjólublátt.

**48.742 kr.**
fullt verð: 64.990



### Jamis Miss Daisy
16" barnahjól

Sterkt og gott barnahjól með fótbremsu og hjálpardekkjum.

**26.992 kr.**
fullt verð: 35.990



## HJÓLADEILDIN ER Í SMÁRALIND

# ÚTILÍF
*síðan 1974*

ÁRNASYNIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Skólpsund

Aldrei hef ég buslað í söltum sjó við Íslandsstrendur. Heldur ekki farið með börnin mín í fjöruna við Ægisíðu að leita að krabbaklóm í mörg ár.

Ég er samt fjúkandi illur yfir því að búið er að dæla skrilljón lítrum af mannaskít og notuðum dömubindum í flæðarmálið.

Vesturbærinn í Reykjavík er nefnilega í huga mínum helgur staður. Fallegasti bletturinn á heimskortinu. Þessi drulludæling er því helgispjöll og yfirhylmingin glæpur sem kallar á að ábyrgir verði dregnir fyrir herrétt. eða í það minnsta landsdóm.

Auðvitað vekur furðu, reiði og tortryggni að fjölmiðlafíkinn borgarstjóri hverfi þegar skíturinn skellur á Faxaskjóli. Maður sem getur ekki fellt jólatré, sagað ísklump eða umfelgað dekk án þess að senda frá sér fréttatilkynningu með góðum fyrirvara.

Breytir engu þótt hann hafi frétt af leðjunni fyrst í fjölmiðlum. Hann ber endanlega ábyrgð gagnvart borgarbúum. Ekki latir og duglausir embættismenn og pukurpésar innan kerfisins.

Fyndið samt að sá hópur sem gargar hæst, fyrir utan hægra fólk sem var að vinna í skítalottóinu, eru vitleysingarnir sem eru búnir að ljúga því að sjálfum sér að sjósund sé heilsusamlegt. Borgarstjórinn getur ekki borið ábyrgð á þeim.

Fólk er ekki fiskar og hefur ekkert gott af því að svamla í ísköldum sjó. Sjór er vatn sem ekki er hægt að drekka. Áhugaverð þversögn.

Með öllum þeim viðbjóði sem við leyfum okkur að dæla út í hann er hann mettaður af þráaefnum og þungmálmum. Fyrir utan rotnandi hræ sjávarlífvera og alls konar ógeð annað. Þetta er í raun bara einn ógeðslegur drullupollur.

Þeir sem kjósa af fúsum og frjálsum vilja að sulla í skólpi sér til heilsubótar hljóta að gera það á eigin ábyrgð.








